

Iðjubjálfinn

Fagblað iðjuþjálfa



Iðjuþjálfun á verkjasviði

Er markmiðinu náð?

Hvar liggja tækifærin?

Hugrökk og hvetjandi

Starf í álveri

Tækifæri að starfa með börnum



Eirberg



Sturtustólar



Læsing á
45° millibili



Stuðningssúla

Eingöngu
viðurkenndar
vörur

Vandaðar vörur fyrir bað og snyrtingu

Þægileg snyrtiáhöld



Baðbrettí

Sturtukollar



Fótabursti með sogskálum



Salernisstoðir



Salernishækkanir



Pistill formanns



Júlíana Hansdóttir Aspelund
formaður

Iðjuþjálfar búa yfir mikilli sérþekkingu.

Það er mikilvægt að sú þekking sé viðurkennd með formlegum hætti.

Félagið leggur ríka áherslu á að iðjuþjálfum verði gert kleift að sækja um sérfræðileyfi í iðjuþjálfunarfræðum á næstu árum líkt og öðrum heilbrigðisstéttum. Nú þegar hafa m.a. sjúkraþjálfarar, hjúkrunarfræðingar og félagsrásdýrafarar hlutið sílk réttindi.

Sérfræðiréttindi í iðjuþjálfun stuðla að frekari framþróun í faginu, skapa dýpri þekkingu og þar með sérhæfingu á fagsviðinu.

Innleiðingin ætti jafnframt að leiða til aukinnar áherslu á rannsóknarstörf og til enn sterkari fagmyndar. Til þess að þetta geti orðið að veruleika hefur verið skipuð sérfræðinefnd sem í sitja iðjuþjálfar sem starfa á mismunandi fagsviðum frá nokkrum af stærstu vinnustöðum iðjuþjálfa. Nefndin hefur það verkefni að móta tillögur um hvaða skilyrði skuli liggja til grundvallar þeim rétti að öðlast sérfræðileyfi í iðjuþjálfunarfræðum, hvenær réttindin skuli endurnýjuð og hvað þurfi að liggja til grundvallar endurnýjunar. Jafnframt þarf nefndin að taka afstöðu til þess á hvaða sérsviðum sérfræðileyfin eigi að liggja. Þegar ofangreindri vinnu er lokið mun nefndin senda formlegt erindi til Velferðarráðuneytisins og fylgja málinu eftir þar til það er komið höfn. Ef félagsmenn vilja koma ábendingum á framfæri eða óska eftir þátttöku í nefndinni, er þeim bent að hafa samband við stjórnarliða.

Árið 2012 er helgað virkni á efri árum

í Evrópu og samstöðu milli kynslóða (e. European Year for Active Ageing and Solidarity between Generations).

Markmiðið er að opna augu almennings fyrir framlagi eldra fólks til samfélagsins og að styðja við virkni þeirra. Iðjuþjálfar hafa í störfum sínum unnið að því að efla virkni eldri borgara og jafnframt að styrkja tengslanet þeirra. Eldri borgarar búa yfir mikilli þekkingu og reynslu og henni ber að miðla í meira mæli til yngri kynslóða. Yngri kynslóðin hefur jafnframt margt fram að fára til þeirra eldri – Iðjuþjálfar geta leikið lykilhlutverk í því að efla samstöðu milli kynslóða.

Iðjuþjálfinn er fagtímarit iðjuþjálfa og skapar vettvang til að miðla þekkingu, reynslu, hugmyndum og lausnum. Á síðustu árum hefur verið mótað ferli er varðar ritrýningu greina sem er mikilvæg lyftistöng fyrir blaðið. Iðjuþjálfar sinna fjölbreyttum og spennandi störfum í samfélagini, stuðla að nýsköpun, vinna að vörufróun, mennta sig á fjölbreyttum sviðum og margt fleira. Ég vil hvetja iðjuþjálfa til að miðla af þekkingu sinni til starfsfélagi innan fagsins með ritun greina í blaðið og skapa þannig frjóan og fræðandi umræðuvettvang.

Júlíana Hansdóttir Aspelund, formaður.

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Stuðningsstöngin er hjálp- og öryggistæki sem auðveldar fólk að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsettingu.
- Engar skrifur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gölfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.
- Margir aukahlutir í böði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Vilji
...léttilt þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

Yfir 5000 notendur á Íslandi síðan 1999

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.

Hjálpartæki



hjólastólar

göngugrindur

sætispúðar

sjúkrarúm ...



snúningslök

dýnur

fólkslyftarar

baðbekkir





EFNISYFIRLIT

Pistill formanns	3
Iðjuþjálfafélag Íslands 35 ára	6
Hápunktar afmælisársins.....	8
Umfjöllun um síðareglur.....	9
Iðjuþjálfun á verkjasviði Reykjalundar	10
Ritrynd fraðigrein:	
Er markmiðinu náð?	12
Ágrip fjórða árs nema	
Brottfall úr framhaldsskólum frá sjónarhorni iðjuþjálfunar.....	18
Það var bara að ég nennti þessu ekki	18
Starf og starfsumhverfi sauðfjárbænda: Upplifun, ánægja og vellifðan.....	18
Mat foreldra á lífsgæðum barna sinna: ...	19
Forprófun á foreldraútgáfu KIDSCREEN matslistans.....	19
Þátttaka eldri íslendinga í athöfnum miðað við kyn, aldur og búsetu.....	20
Skynúrvinnsluvandi grunnskólanemenda: Ahrif vandans á þátttökum í skólastarfi og helstu bjargráð	20
Iðjuþjálfar í grunnskólum á Íslandi:.....	21
Þetta er alveg minn staður	21
Hvar liggja tækisæri fyrir iðjuþjálfa sem starfa með börnum?	22
Í hverju felst starf iðjuþjálfa í álveri?	24
KYNNING Á SPILI:.....	25
Geymt en ekki gleymt, spil fyrir fólk með fortíð.....	25
Ný rannsókn í undirbúningi á Reykjalundi í samstarfi við Háskólanum á Akureyri.....	26
Hugrökkt og hvetjandi	27
Forsóðumyndasamkeppni	30

Frá ritnefnd

*K*ærri lesandi.

Kápa er sumar liðið og iðjuþjálfar um land allt vonandi endurnærðir eftir hið frábæra sumar. Iðjuþjálfar hafa vonandi getað tekið sér sumarfrí eftir gróskumikið starf á sínum vinnustöðum. Það er ánægjulegt að fylgjast með dugnaði og eljusemi sem einkennir iðjuþjálfa. Það má sjá á þeim greinum, ágripum og myndum sem voru sendar til birtingar í Iðjuþjálfanum. Það er von um ritnefndar að þeir iðjuþjálfar sem sáu sér ekki fært um að skrifa í þetta blað taki upp pennann sem fyrst og sendi í Iðjuþjálfann. Iðjuþjálfar hafa verið duglegir að senda inn efni og ósk ritnefndar er sú að svo muni vera áfram og einnig aukast að iðjuþjálfar sjá sér fært að birta niðurstöður og annað áhugavert efni í Iðjuþjálfanum í framtíðinni.

Pema blaðsins að þessu sinni er iðjuþjálfun í dag.

Í þessu tölublaði má lesa um ýmsar nýjungrar í faginu og spennandi verkefni sem iðjuþjálfar víðs vegar um landið taka þátt í. Það er ánægjulegt hve margir gáfu sér tíma til að setjast niður og skrifa um verkefnin sín.

Að lokum viljum við þakka þeim sem komu að útgáfu blaðsins, svo sem með greinarskrifum og auglýsingum.

Með bestu óskum um gott vetrarstarf.

Ritnefnd Iðjuþjálfans

Iðjuþjálfinn

Fagblað iðjuþjálfa

Stjórn IPÍ

Júlfana Hansdóttir formaður
Sigrún Ólafsdóttir gjaldkeri
Sigþrúður Loftsdóttir varaformaður
Eygló Danielsdóttir ritari
Ósk Sigurðardóttir meðstjórnandi

Ritstjóri

Hafdís S. Sverrisdóttir

Prófarkalesari

Arnór Hauksson

Forsóðumynd

Sólrún Ásta Haraldsdóttir

Varamenn

Rósa Hauksdóttir
Ingibjörg Ólafsdóttir

Prentvinnsla

Litróf

Ritnefnd

Hafdís S. Sverrisdóttir
Hrefna Óskarsdóttir
Maren Sveinbjörnsdóttir
Ingibjörg Björnsdóttir
Kristín Linda Helgadóttir

*Ritnefnd áskilur sér rétt til að
stytta texta og fera til betri vegar.
Vitna má í texta blaðsins ef
heimildar er getið.*

Iðjuþjálfafélag Íslands 35 ára

Elín Ebba Ásmundsdóttir



Asíðasta ári varð Iðjuþjálfafélag Íslands (IPÍ) 35 ára. Á aðalfundi afmælisársins voru flutt fræðileg erindi og veglegar veitingar voru á boðstólum. Herlegheitin fóru fram að Borgartúni 6, í húsnæði aðildarfélaga BHM sem IPÍ á aðild að.

Árið 1976 hófu sig á loft sannkallaðir eldhugar, fæinar ungar konur, íslenskar og erlendar. Nú, 35 árum síðar, samanstendur félagshópurinn ekki bara af „konum á besta aldri“, heldur höfum við á meðal okkar karlmenn, elliliseyrisþega, professor og fyrirtækjaeigendur. Á upphafsárunum enduðu hefðbundin fundahöld oft á fjölskylduútilegum með gítarsöng og tilheyrandi. Nú hafa fræðimennska, ritrýndar greinar og iðjuvísindi náð yfirhöndinni.

Þegar ég hóf iðjuþjálfanám í Prándheimi 1976 óraði mig ekki fyrir því hvernig þetta fag ætti eftir að heltaka líf mitt. Þegar heim kom gekk ég strax í félagið en fannst afmælishátiðir IPÍ skemmtilegastar. Þá var nefnilega öruggt að ekki yrði skipað í neinar nefndir. Á áttunda og níunda áratugnum var nefnilega enginn „alvöruiðjuþjálf“; nema hann starfaði a.m.k. í 2–3 nefndum. Á einni hátiðinni þurftum við t.d. að bera kennsl á fótleggi maka okkar og gátum því setið uppi með „skakkar lappir“ á

„skökkrum maka“ á dansgólfinu það sem eftir var nætur, ef við völdum ekki rétt. Í annað skipti var farin tveggja daga óvissuferð og gist fyrir „austan fjall“. Strax við morgunverð var byrjað á hressilegum veitingum, með þeim afleiðingum að sumar þeirra dugmestu sofnuðu ofan í súpuskálina í kvöldverðinum, og misstu þar með af öðrum veitingum og öllu sprellinu. Það var nú þá. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar, félagið hefur orðið ráðsettara með aldrinum eins og víðar gerist, enda orðið hálfertugt. Fræðilegur undirtónn hefur tekið við af barnslegri og ábyrgðarmínni gleði. Eldhugarnir hafa lært að hemja sig og geta nú setið stilltir heilan aðalfund, slegið um sig á fræðimáli sem aðeins útvaldir skilja og virkað eðlilegir. Þetta eru samt sömu eldhugarnir og elska enn að syngja, sprella og skemmta sér og öðrum.

Ég átti samt einskis von þegar 35. aðalfundur Iðjuþjálfafélags Íslands hófst með kynningu á nýjustu rannsóknum meistarana, sem deildu upplýsingum um nýjungar á sínu fræðasviði. Ég hugsaði með mér, að það hefði verið eins gott að fagið var stutt komið fræðilega, þegar ég hóf nám. Ég sá mig aldrei fyrir mér sem hluta af háskólasamfélagi eða baráttukonu í geðheilbrigðismálum og allra síst sem atvinnurekanda. En fagið tók yfirhöndina.

Ég vildi leggja mitt af mörkum til að upplýsa stjórnvöld og almenning um hugmyndafræði fagsins og til þess að geta það lenti ég í öllum þessum hlutverkum.

Pegar meistaraneimar höfðu lokið máli sínu hófust hefðbundin aðalfundarstörf. Kannski ekkert skemmtiefni, en ég, kurteis að vanda, virtist örugglega mjög áhugasöm, var í raun með allan hugann við veitingarnar sem von var á. Reyndar hlustaði ég vel þegar kom að félagsgjöldunum, var að vona að þau myndu lækka, en sú ósk rættist ekki. En svo skammaðist ég míni þegar ég hugsaði til allra þeirra félaga sem barist hafa fyrir bættum kjörum og lagt sitt af mörkum til að efta fagið, fag-, kjara- og félagslega, og blessaði þá í huganum.

Eftir aðalfundinn var blásið til veislum með dásamlegum kræsingum. Biðin hafði sannarlega borgað sig. Meira að segja voru þjónar sem þutu um með matarbakka og vínflöskur. Það hafði ég aldrei upplifað áður í iðjuþjálfaafmæli. Mér fannst þeir þó helst til kammó þessir þjónar. Peir töludu við alla og sýndu öllum áhuga. Örugglega uppkomin börn iðjuþjálfa, hugsaði ég, börnin sem voru með í útilegnum forðum og þekktu því suma veislugestina. Peir helltu sífellt í glösin og vildu láta taka af sér myndir. Hvað var eiginlega í gangi? Ég reyndi að átta mig á hverjir iðjuþjálfanna gætu verið foreldrar þeirra. Ég velti því jafnvel fyrir mér hvort þjónarnir hefðu stolist í veigarnar og væru ekki edrú sjálfir. Það var staðfest þegar einn þjóninninn tók glasið af mér, saup á því og sagði: „Góður smekkur hjá þér, úrvalsvín“. Ég reyndi að forðast viðkomandi og settist við eitt bordið. Þá kom annar þjónn aðvifandi og spurði hvort ég vildi meira að borða, og ég asnaðist til að segja „já takk“. Áður en ég vissi hafði hann slengt nokkrum snittum á diskinn minn og tók síðan fulla líku af salati og



skeltti ofan á. Ég, sem er alltaf svo jákvæð, brosti, en hugsaði með mér að það væri eins gott að ákveðin vinkona míni væri ekki hér, hún hefði hjólað í þjóninn og spurt frá hvaða fyrirtæki hann kæmi og látið reka hann á staðnum. Þar sem ég er svo meðvirk, með meiru, hugsaði ég með mér að kannski hefði bara verið slæmur dagur hjá þessum sérkennilega þjóni. Svona hélt þetta áfram. Glasið mitt fylltist aftur og aftur án þess að ég bæði um áfyllingu. Ég var jafnvel orðin hrædd um að ég myndi lognast út af á leiksýningunni sem var fyrirhuguð seinna um kvöldið.

Pegar ég yfirlaf veisluna hafði ég lokt áttad mig að þetta væru ekki uppkomin

börn frumkvöðlanna í iðjuþjálfastéttinni, heldur leikarar. Ég held að hugljómunin hafi átt sér stað þegar einn kvenþjóninn gekk með salernispappír í eftridragi og kjólinn vel gyrtan að aftan, ofan í sokkabuxurnar.

Iðjuþjálfbum hafði enn einu sinni tekist að gera afmælisveislu eftirminnilega og minna okkur félagsmenn á hvað skiptir raunverulega máli. Iðjuþjálfar skera sig oft úr í samstarfshópnum því þeir sjá lausnir og vandamál frá ólískum sjónarhornum. Sumum iðjuþjálfbum reynist það hindrun í upphafi, þótt það verði e.t.v. þeirra aðalsmerki þegar upp er staðið. Eftir á að hyggja voru þjónarnir tákngervingar fyrir stéttina. Peir voru ekki í takti við það sem við erum vön, óhefðbundnr þjónar, en leystu engu að síður verkefnin. Peir voru ekki í bakgrunni, heldur drógu að sér athygli, sem vakti bæði hneykslan og kátínu.

Undirbúningsnefndin gaf rými til að skapa

skemmtilegar minningar í góðum félagsskap, fyrst með fræðslu sem fyllti mig stolti og metnaði fyrir faginu, og síðan með hefðbundnum aðalfundarstörfum sem minntu mig að vera auðmjúk og þakklát í garð þeirra félaga sem taka að sér mikilvæg, krefjandi og metnaðarfull sjálfbodastörf svo félagið megi dafna. Lokahnykkurinn var síðan til að undirstrika að þrátt fyrir baráttu fyrir viðurkenningu, betri kjörum og meiri rannsóknartengingu, megi aldrei missa sjónar á því sem mestu máli skiptir í lífinu, að geta séð spaugilegu hliðarnar í daglegu amstri og taka hvorki vinnuna né okkur sjálf of hátíðlega.

Hápunktar afmælisársins

Afmælisár Iðjuþjálfafélags Íslands (IPÍ) var haldið hátiðlegt á síðasta ári og var margt gert til fróðleiks, skemmtunar og til að kynna fagið.



Júliana Hansdóttir,
formaður Iðjuþjálfafélags Íslands
og deildarstjóri hjá
Sjúkratryggingum Íslands



Sigrún Ólafsdóttir,
gjaldkeri í stjórn Iðjuþjálfafélags
Íslands og iðjuþjálfí hjá Janus

Föstudaginn 18. mars 2011 var 35 ára afmæli IPÍ og 10 ára útskriftarfmæli fyrstu „íslensku“ iðjuþjálfanna frá iðjuþjálfunardeild Háskólangs á Akureyri fagnað í húsakynnum félagsins í Borgartúni. Mæting var góð en alls mættu um 85 glæsilegar konur á svæðið. Allir gestirnir fengu afhenta nýja barmnælu með merki félagsins og þeir sem ekki sáu sér fært að mæta fengu næluna senda í pósti. Nælan var gefin út í tilefni af afmælisárinu.

Dagurinn hófst á málþingi. Þrír iðjuþjálfar héldu afar áhugaverðar kynningar á mastersverkefnum sínum. Verkefni Ragnheiðar Kristinsdóttur bar heitið „Hvað eiga iðjuþjálfar og leiðtoga sameiginlegt?“, Elsa Þorvaldsdóttir kynnti verkefnið sitt „Mikilvægt að fá að vera barn á meðan maður er barn“ og að lokum sagði Hólmdís Methúsalemsdóttir frá verkefni sínu, „Litlir fyrirburar á Íslandi: Lífsgæði á unglingsárum“. Þessar kynningar voru virkilega áhugaverðar og þær undirstrika breidd og margþætta möguleika fagsins og hvað iðjuþjálfar geta í framhaldi af grunnnámi valið um fjölbreytt framhaldsnám. Að málþingi loknu hófst aðalfundur félagsins og var hann með hefðbundnu sniði.

Eftir aðalfundinn hófst sjálfur afmælisfagnaðurinn. Dýrindis veitingar voru bornar fram bæði í föstu og fljótandi formi og voru vel menntaðir þjónar

fengnir til verksins í þeim tilgangi að skapa hátiðarstemningu. Hegðun þeirra þótti nú nokkuð undarleg a köflum og voru einhverjur farin að velta því fyrir sérv hvert stjórnarliðar hefðu neyðst til að fá misgóða fjölskyldumeðlimi í yngri kantinum til þess að reiða fram veitingar kvöldins, enda þótti fagmennskunni vera ábótant. Í lok kvöldins kom þó í ljós að hér var um leikara að ræða sem skemmtinefndin hafði ráðið sérstaklega til að hrista upp í mannskapnum.

Eitt af skemmtiatriðum kvöldins var hönnunarsamkeppni. Þrjú lið voru skipuð sem fengu það verkefni að hanna og búa til nýtt hjálpartæki og fengu til þess nauðsynlega íhluti, s.s pípuhreins og bréfaklemmu. Hannaðir voru einstaklega flottir gripir sem aðeins er á færi sérlega duglegra iðjuþjálfar að skapa og það er aldrei að vita nema frumgerðirnar verði að alvöru hjálpartækjum einhvern daginn.

Föstudaginn 29. apríl var útvarpsþátturinn Samfélagið í nærmynnd með beina útsendingu frá skrifstofu félagsins og var allur þátturinn helgaður iðjuþjálfun. Markmið félagsins með því að óska eftir þessari útsendingu var að kynna margvíslegar víddir iðjuþjálfunar og ólíkan starfsvetvang. Það var gaman að taka þátt í þessu verkefni og sérstaklega fróðlegt að hlusta á alla þá frábæru iðjuþjálfar sem komu fram í þættinum, en þeir voru 12 talsins. Málefni voru Félagið og

sagan, Háskólasamfélagið og bókaútgáfa, Endurhæsing og starfsendurhæsing, Börn, Heilsugæslan og aldraðir og að lokum Geðendurhæsing. Hvert innslag var um 10 mínútur og var góður rómur gerður að þættinum í kjölfarið en hlusta má á þáttinn með því að fara inn á Hlaðvarp RÚV, slóðin á þáttinn er http://podcast.ruv.is/samfelagid_i_naermynd/2011.29.04.mp3

Föstudaginn 20. maí kynntu nemendur í iðjuþjálfunarfræðum lokaverkefni sín og stóð dagskráin frá kl. 10:30 til 15:40. Seinna sama dag var haldið útgáfuteiti á Akureyri til að fagna útgáfu bókarinnar Iðja, heilsa og velferð: Iðjuþjálfun í íslensku samfélagi. Bókin er fyrsta fræðilega ritíð um iðjuþjálfun á íslensku og lýsir þróun, hugmyndum og fræðasýn iðjuþjálfafagsins, starfsvetvangi iðjuþjálfa og vinnu þeirra með óliskum hópum notenda. Ritstjórar bókarinnar eru Guðrún Pálmadóttur, dósent við HA og dr. Snæfriður Þóra Egilson, prófessor

við HA, sannkallaðir frumkvöðlar innan fagsins á Íslandi. Fjórtán iðjuþjálfar komu að ritun bókarinnar, en hver og einn þeirra er sérfræðingur á sínu sviði. Formaður félagsins var viðstaddir báða þessa viðburði.

Í ágúst var gefinn út bæklingur um iðjuþjálfun sem ætlaður er nemendum sem eru að velja sér nám eftir menntaskóla og öðrum þeim sem hafa áhuga á að kynna sér fagið. Bæklingurinn er einnig tilvalinn fyrir ýmsar kynningar á iðjuþjálfun. Bæklinginn er hægt að nálgast á skrifstofu félagsins auk þess sem hægt er að sækja PDF-útgáfu af honum á heimasíðu félagsins, ii.is.

Dagur iðjuþjálfunar, 27. október, var viða haldinn hátiðlegur. Iðjuþjálfar fognuðu deginum með því að veita fræðslu um fagið, bjóða vinnufélögum í kaffi, skreyta vinnustöðvar sínar með blöðrum og iðjuþjálfanemar fyrir norðan settu saman fræðslumyndband um iðjuþjálfun sem birt var á YouTube og tóku margir þjóðþekktir

einstaklingar þátt í því, s.s. Haffi Haff, Krummi í Mínus og Hope okkar Knútsson. Slóðin á myndbandið er <http://www.youtube.com/watch?v=AlAwccKenV4>. Þetta er aðeins lítið brot að því góða starfi sem fór fram þennan dag. Það er óhætt að segja að þátttaka á þessum degi er stöðugt að aukast og er hann orðinn ómissandi innlegg í starfsárið. Stjórn félagsins ákvað í tilefni dagsins og þess að félagið átti 35 ára afmæli að senda hamingjuóskir til iðjuþjálfa í samlesnum auglýsingatímum fyrir fréttir á RÚV.

Afmælisárið var viðburðaríkt og skemmtilegt. Margir vaskir iðjuþjálfar komu að viðburðum þessa árs og er þeim þakkað hér með. Iðjuþjálfafélagið er lítið félag en á þessu ári kom glöggt í ljós að þar eru kraftmiklir og hugmyndaríkir félagsmenn sem eru tilbúnir að halda faginu á lofti. Þar sem mikil gróska er í faginu verður gaman að fylgjast með þróuninni og hvernig félagið mun þroskast næstu áratugina.

Umfjöllun um siðareglur

2.2. Iðjuþjálfí er trúr sannfæringu sinni og getur synjað því að veita íhlutun, sem hann treystir sér ekki til að bera faglega ábyrgð á.

Sarf í heilbrigðisþjónustu er fólgjð í að veita örðrum þjónustu. Iðjuþjálfar stuðla að uppbryggingu einstaklinga og gefa fólki möguleika á fleiri valkostum. Það samræmist því ekki þeirri hugmyndafræði að synja íhlutun.

En í hvaða aðstæðum og samhengi gæti það komið til?

Siðareglur eru settar til umhugsunar og til þess fallnar að skerpa fagvitundina. Þær gefa ekki einhlít svör. Það er mikilvægt að staldra við og skoða hvað í þeim felst. Sérstaklega þegar bent er á atriði sem ekki eru hluti af daglegu starfi iðjuþjálfa.

Siðareglar 2.2. leiðir hugann að faglegri

ábyrgð og því að vera trúr sannfæringu sinni.

Fagleg ábyrgð liggar hjá fagmanninum sjálfum, alveg sama í hvaða samhengi íhlutun er veitt, og hvort sem beðið var um hana af yfirmanni eða eftir örðrum leiðum. Á sama hátt er það réttur fagmannsins að spyrja spurninga varðandi þá íhlutun sem beiðni liggar fyrir um. Ef vafaatriði koma upp og óvissa um réttmæti þess að takast verkefnið á hendur er nauðsynlegt að viðra slíkt við starfsfélaga eða leggja inn fyrirspurn til siðanefndar félagsins sem getur aðstoðað við að leysa málin.

Hvatningin er sú að vera trúr sannfæringu sinni og hlusta á viðvrunarbjöllur ef í þeim heyrist. Í sumum verkefnum getur falist ákveðin siðferðileg áhætta. Þá er um að ræða atriði sem ekki endilega eru bundin í lög eða reglur heldur frekar við samvisku okkar. Þess vegna er svo mikilvægt að vera trúr sjálfum sér og hlusta á eigin líðan. Ef það kemur í ljós við skoðun að allar efasemdir voru óþarfar er það bara gott. Samt sem áður var það þess virði að skoða málið og ber vott um metnað og fagmennsku.

Iðjuþjálfun á verkjasviði Reykjalundar



Gunnhildur Gisladóttir
iðjuþjálf M.Sc.

Að vinna með skjólstæðingum með langvinna verki er áhugavert verkefni fyrir iðjuþjálfa. Iðjuvandar eru oft mjög áberandi og yfirleitt af mörgu að taka. Á síðasta ári þjónustuðu iðjuþjálfar á verkjasviði Reykjalundar 195 einstaklinga með langvinna verki, 83 karla og 112 konur. Auk þessa hóps komu 101 einstaklingur í svokallaða forinnlögn sem er þriggja daga innlögn þar sem einstaklingar koma í viðtöl, setja sér markmið í meðferðinni og heima og setja upp daglegt skipulag til að fara eftir þar til að innlögn kemur.

Það að lifa við sífelldar hindranir við daglegar athafnir er ekki auðvelt, það þekkja þeir sem eru með langvinna verki. Verkirnir hamla iðju og skerða lífsgæði og hafa ekki bara líkamleg áhrif heldur einnig andleg og félagsleg. Það að geta til dæmis ekki haldið heimili sínu snyrtilegu, vegna verkja, getur leitt til þess að viðkomandi hættir að taka á móti fólk, skammast sín fyrir heimili sitt og einangrast smám saman. Margir skjólstæðingar tala um örmögnun sem fylgir því að vera heima alla daga en geta þó ekki sinnt húsverkum. Ryk og drasl safnast því upp og umhverfið verður letjandi en ekki hvetjandi. Leiði og depurð fer að gera vart við sig vegna þess að ekki er hægt að hafa hlutina eins og óskað er. Einnig er athyglisvert hvað fólk með verki veigrar sér við að gera skemmtilega hluti þegar orka og geta ekki til staðar til að vinna það sem að talið er skyldustörf.

Þegar við kynnum iðjuþjálfun fyrir skjólstæðingum okkar segjum við gjarnan að við séum konurnar sem tala um litlu hversdagslegu hlutina sem skipta mann engu máli og eru sjálfssagðir þegar við getum gert þá. Hins vegar breytist hugmynd okkar um þá þegar við getum ekki framkvæmt þá. Litlir hlutir geta haft

viðtæk áhrif. Það að geta ekki setið getur leitt til þess að viðkomandi getur hvorki unnið, setið í bíl né setið með vinum og fjölskyldu. Iðjuvandarnir eru því orðnir allnokkrir út frá líkamlegu vandamáli.

Matstækin sem við notum oftast eru COPM og OSA en einnig höfum við notað OPHI-II og WRI. Á síðasta ári lögðum við COPM fyrir 71% af skjólstæðingum okkar og meðaltalsbreyting á frammistöðu reyndist 2,91 og meðaltalsbreyting á ánægju 3,72. Það er alltaf áhugavert að sjá hvernig ánægjan eykst meira en breytingin á frammistöðunni gerir.

OSA lögðum við fyrir 91 einstakling og gerðum endurmat hjá 62 þeirra. Pannig var OSA lagt fyrir 47,3% skjólstæðinga okkar.

Tölfræðin okkar sýnir líka að OPHI-II var lagt fyrir 19 einstaklinga og við gerðum vikudagskrá með 49 einstaklingum eða 37,1% þeirra sem komu til okkar.

Síðastliðin ár höfum við iðjuþjálfarnir á verkjasviði Reykjalundar verið þátttakendur í stórrri rannsókn sem hófst árið 2006 og lauk haustið 2011. Þar er verið að rannsaka áhrif hugrænnar atferlismeðferðar á einstaklinga með langvinna verki. Í augnablikinu er verið að vinna úr heildarniðurstöðunum og munu fyrstu tölur úr sameiginlegri rannsókn verða birtar í haust. Iðjuþjálfahlutinn fólst í því að legga COPM fyrir skjólstæðinga fimm sinnum – við forskoðun, við innlögn, við útskrift, eftir eitt ár frá útskrift og þremur árum eftir útskrift.

Tilgangur okkar iðjuþjálfanna er að skoða hver er algengasti iðjuvandi skjólstæðinga okkar. Það er nauðsynlegt í allri vinnu að skoða hver þjónustuþörfin er og bregðast

við því. Þannig sjáum við fyrir okkur að niðurstöðurnar muni hjálpa okkur til þess að veita þjónustu sem er í samræmi við helstu iðjuvanda einstaklinga með langvinna verki. Einnig vildum við sjá hver breytingin yrði á hverjum iðjuvanda fyrir sig. Hvort mikill munur væri á tölu við forskoðun og síðan þemur árum eftir innlögnina. Niðurstöðurnar sem komnar eru mun ég kynna á Evrópuþingi iðjuþjálfa í Stokkhólmi nú í maí.

Eitt af því sem hefur verið erfitt við rannsóknina er að við notum COPM sem er hálfoppið viðtalstæki. Skjólstæðingar okkar geta því með eigin orðum sagt hver sé þeirra iðjuvandi. Þetta gerir það að verkum að úrvinnsla gagna er heldur flókin. Ekki er hægt að bera saman appelsínur og epli – þ.e.a.s. iðjuvandi eins skjólstæðings verður ekki borinn saman við annan. Því var brugðið á það ráð að útbúa kóðunarkerfi að fyrirmund frá Mary Law og eru það Margrét Sigurðardóttir og Sigríður Jónsdóttir sem eiga heiðurinn af því kóðunarkerfi. Kóðunarkerfið gerir það að verkum að hægt er að flokka iðjuvandann niður í hópa og skoða þannig hver dreifing iðjuvanda er.

A árunum 2002-2006 var gerð könnun af iðjuþjálfunum á verkjasviði Reykjalundar, Bergþóru Guðrúnú Þorsteinsdóttur og Gunnhildi Gísladóttur. Könnunin, sem var pilot-study, skoðaði iðjuvanda skjólstæðinga með langvinna verki og notað var kóðunarkerfið til að hópa saman iðjuvandana. Könnunin var liður í þróun kóðunarkerfisins. Þátrakkendur voru 436 og af 52 atriðum sem skjólstæðingar nefndu reyndust 8 atriði algengust. Algengasti iðjuvandin var að vinna.

Þeir iðjuvandar sem oftast voru nefndir, auk vinnu, voru eftifarandi: hagnýt boðskipti, heilsuvernd, að klæðast,

snyrtинг, skipulag og framkvæmd verkefna, umönnun, húsverk, matreiðsla og handverk. Nýjustu tölur úr rannsókninni frá 2004-2010 virðast einnig styðja það að helsti iðjuvandi fólk með verki sé að geta ekki unnið.

Áhuga vekur að iðjuvandi einstaklinga með langvinna verki sem leggjast inn á Reykjalund liggur mest í því að geta ekki unnið og að skipuleggja daglegt líf sitt. Ofarlega á lista iðjuvanda var einnig að eiga hagnýt boðskipti sem þýðir að hegðun, samskipti og tjáskipti eru vandamál hjá mörgum sem leggjast inn á verkjasviðið. Athygli vekur einnig að það er sjaldnar nefnt sem iðjuvandi að klæða sig, nærist og snyrta sig. Skýring á því gæti verið hversu seint í verkjaferlinu einstaklingar leggjast hér inn til meðferðar, þar sem margir nefna það sem vandamál sem var, en er ekki lengur til staðar.

Meðalaldur einstaklinganna sem við þjónustuðum á síðasta ári var 41,1 ár og því erum við að vinna mikið með fólk sem er á miðri starfsævinni og á erfitt með að sætta sig við að geta ekki verið úti á vinnumarkaði. Það þarf kannski ekki að koma á óvart að algengasti iðjuvandinn sé því það að geta ekki unnið þar sem við Íslendingar erum vinnumiðuð þjóð og við finnum vel hve stór hluti af sjálfsmund einstaklinganna er tengdur vinnuámyndinni. Eftir að kreppan reið hér yfir hefur einnig verið erfíðara fyrir einstaklinga að finna vinnu við hæfi. Því fórum við einungis fimm sínum í vinnustaðaathugun á síðasta ári sem er óvenju sjaldan. Þó þarf að taka það fram að við vinnum sífellt meira þannig að einstaklingurinn tekur sjálfur ljósmyndir af vinnuaðstöðu sinni eða aðstöðu heima fyrir og kemur með til okkar. Þannig höfum við leyst mörg smærri vandamál

og einstaklingurinn sjálfur er sá sem sér um breytingarnar. Að sjálfsögðu fórum við þó á staðinn ef þörf er á róttækari breytingum.

Verkjaskólinn á Reykjalundi er sá vettvangur þar sem einstaklingar með langvinna verki fá grunnfræðslu í líkamsbeitingu við iðju og einnig fræðslu um líkamann og uppbryggingu. Á síðasta ári fóru 80% skjólstæðinga okkar í gegnum verkjaskólanum eða 104 einstaklingar. Algengt framhald af verkjaskólanum, sem rekinn er af iðjuþjálfum og sjúkraþjálfurum, er svokallaður verklagshópur inni á verkstæði iðjuþjálfunar. Þar erum við iðjuþjálfarnir með hóp af fólk sem þarf nánari fræðslu og leiðbeiningu á einstaklingsgrunni. Hver einstaklingur kemur inn í hópinn með sitt eigið markmið og vinnur að því. Markmiðið gæti verið að efta þol við standandi vinnu. Þá er vinnuaðstaðan gerð með það í huga og einstaklingurinn fær fræðslu um borðhæð, stöður, vinnuumhverfi, ljós, og allt það sem að vinnuaðstöðunni lýtur. Við erum gjarnan með vikuþema þar sem nokkrum mínutum er varið í eitthvert efni sem kemur verkjafólk í góðar þarfir. Pessi hópur okkar hefur reynst vel og á síðasta ári fóru 90 einstaklingar í gegn hjá okkur og komu að meðaltali í 7,8 skipti.

Hér hefur verið stiklað á stóru í því starfi sem að unnið er á verkjasviði iðjuþjálfunar á Reykjalundi. Ótvírett spennandi vettvangur fyrir iðjuþjálfa að vinna við og mikil þörf á iðjuþjálfun þegar einstaklingur tekst á við langvinna verki.

Er markmiðinu náð?

Útkoma íhlutunar í endurhæfingu barna metin með Goal Attainment Scaling aðferðinni



Sara Stefánsdóttir, aðjúknt
við Heilbrigðisvísindasvið
Háskóla Íslands á Akureyri



Snæfríður Þóra Egilson, prófessor
við Heilbrigðisvísindasvið
Háskóla Íslands á Akureyri

Útdráttur: Hér eru kynntar niðurstöður rannsóknar á útkomu íhlutunar í endurhæfingu barna. Notuð var Goal Attainment Scaling aðferðin en hún gerir þjálfurum kleift að vinna í samstarfi við fjölskyldur út frá einstaklingsbundnum og mælanlegum markmiðum. Alls tóku foreldrar 14 barna og fjórir þjálfarar á Æfingastöðinni þátt og samtals voru 27 markmið skilgreind og metin. Ellefu barnanna náðu markmiðum sínum og skilaði íhlutunin í heild þeim árangri sem stefnt var að. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi markvissra vinnubragða þar sem unnið er á skipulagðan hátt út frá vel skilgreindum markmiðum.

Lykilord: Markmiðssetning, fjölskylda, samvinna, útkoma

Abstract: This paper outlines the results of a study measuring intervention outcome in children's rehabilitation. Goal Attainment Scaling (GAS) was used as a measurement tool as it enables therapists to set individualized and measurable goals in partnership with families. In total parents of 14 children and four therapists participated and 27 goals were set and scored. Eleven of the children attained their goals and the therapists' intervention revealed anticipated outcomes. The results underpin the importance of planning intervention by using well established goals. **Keywords:**

Goal setting, family, cooperation, outcome.

Endurhæfing barna er flókið ferli sem krefst náinnar samvinnu fagfólks og fjölskyldu. Síðustu ár hefur æ meiri áhersla verið lögð á markmiðssetningu jafnframt því að útkoma þjónustunnar sé metin (Bovend'Eerdt, Botell og Wade, 2009; King, Teplicky, King og Rosenbaum, 2004).

Miðað er við að íhlutunarmarkmið séu einstaklingsmiðuð enda er forgangsröðun hverrar fjölskyldu ákaflega misjöfn. Þar er margt sem hefur áhrif, svo sem áhugi barns, vilji þess, færni og ytri aðstæður fjölskyldunnar. Erfitt er að mæta fjölbreytileika einstaklingsmiðaðra markmiða með hefðbundnum, stöðluðum matstækjum sem skortir oft og tíðum næmi á breytingar og nákvæmni (Steenbeek, Ketelaar, Galama og Gorter, 2007).

Til eru nokkur einstaklingsmiðuð matstæki til að nota með börnum en þau sem hafa náð mestri útbreiðslu og vinsældum eru Goal Attainment Scaling (GAS) (Kiresuk, Smith og Cardillo, 1994) og Mæling á færni við iðju (Canadian Occupational Therapy Measure = COPM) (Law o.fl., 2005; Tam, Teachman og Wright, 2008). Hér lendis hefur notkun GAS ekki tilkast til þessa en COPM er notað nokkuð víða.

Æfingastöðin er stærsta endurhæfingarstöð fyrir börn og ungmenni á Íslandi. Árið 2009 var þar tekið upp vinnulag sem grundvallast á fjölskyldumiðaðri nálgun (Rosenbaum, King, Law, King og Evans, 1998) og Lífsþarfalíkaninu (King o.fl., 2002; Snæfríður Þóra Egilson og Sara Stefánsdóttir, 2011), en tilgangur líkskinsins er að stuðla að þátttöku barna í samfélaginu. Nýju vinnubrögðin byggja meðal annars á markmiðssetningu með fjölskyldunni.

GAS-aðferðin


GAS er í senn aðferð og matstæki sem hægt er að nota óháð skjólstæðingahópi, vettvangi, þörfum og aðstæðum hvers og eins. Með GAS er unnt að meta á magnbundinn hátt að hvaða marki einstaklingsmiðuðum markmiðum hefur verið náð og hefur aðferðinni verið lýst sem einstaklingsmiðaðri og markbundinni mælingu á breytingu (Imms, 2008; King, McDougall, Palisano, Gritzner og Tucker, 1999; Smith, 1994). GAS var fyrst þróað af Kiresuk og Sherman (1968) til að meta árangur geð- og samfélagsþjónustu fyrir fullorðna. Í dag er aðferðin notuð af ýmsum faghópum á heilbrigðis- og félagssviði með bæði fullorðnum og börnum (Smith, 1994; Turner-Stokes, 2009). Notkun GAS má gróflega skipta í tvennt, annars vegar í íhlutun með skjólstæðingum og hins vegar við mat á þjónustu, sem víða er fastur liður í gæðaþróun þjónustustofnana og fyrirtækja (McLaren og Rodger, 2003; Stewart o.fl. 2004).

Notkun GAS felur í sér nokkur þrep. Í upphafi eru sett markmið með skjólstæðingi, sem hafa þýðingu fyrir hann og eru raunhæf. Við markmiðssetningu er horft til þarfa skjólstæðings, iðjuvanda, úrræða í umhverfinu og þess tíma sem er fyrir hendi í íhlutun (McLaren og Rodger, 2003). Fyrir hvert valið markmið eru fimm þrep ákvörðuð og eiga þau að endurspeglu mismunandi færni. Kvarðinn er oftast settur frá -2 til +2, þar sem -2 táknaðar færni skjólstæðings áður en íhlutun hefst, -1 táknaðar árangur undir væntingum og 0 táknaðar þá færni sem gert er ráð fyrir að náist. Gildin +1 og +2 tákna að færni er meiri eða mun meiri en búist var við. Mikilvægt er að öll þrepin séu raunhæf niðurstaða eftir íhlutun, einnig þau sem lýsa færni umfram væntingar. Að síðustu er færni skjólstæðings metin, eftir fyrir

fram skilgreindan tíma, á kvarðanum sem settur var í upphafi (King, McDougall o.fl., 1999).

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar í tengslum við GAS. Flestar þeirra snúa að notkun aðferðarinnar með fullorðnu fólk en nokkuð er til af rannsóknum er varða börn og má skipta þeim í two flokka. Annars vegar rannsóknir þar sem GAS er notað til að meta útkomu eftir íhlutun eða sem hluti af þjónustumati (Ahl o.fl., 2005; Lowe, Novak og Cusick, 2006; Palisano, Haley og Brown, 1992; Steenbeek, Meester-Delver, Becher og Lankhorst, 2005) og hins vegar rannsóknir sem beinast að próffræðilegum eiginleikum aðferðarinnar (Kiresuk o.fl., 1994; Palisano, 1993; Sakzewski o.fl., 2007). Rannsóknum ber saman um að GAS nemí litlar en þýðingarmiklar breytingar á færni sem stöðluð matstæki ná að jafnaði ekki að fanga. Slík næmi getur verið ákaflega mikilvægt fyrir fjölskylduna, sér í lagi þegar framfarir eru hægar.

Lítíð er vitað um áreiðanleika endurtekinna mælinga (test-retest reliability) og samtímaréttmæti (concurrent validity) GAS en samtímaréttmæti mælist þó lágt þegar GAS er boríð saman við önnur matstæki. Hugsanleg ástæða þess er hve næm GAS-aðferðin er á breytingar sem stöðluð matstæki nema ekki (Steenbeek o.fl., 2005). Áreiðanleiki matsmannna hefur reynst góður, eða 0,84-0,98 (Steenbeek, Ketelaar, Galama og Gorter, 2008) þegar skilyrðum um þjálfun er fullnægt. Sú gagnrýni sem heyrst hefur hvað oftast er að mat með GAS sé á raðkvarða og því ætti eingöngu að nota óstikuð tölfræðileg próf við meðhöndlun gagna sem fást með aðferðinni. Við meðhöndlun gagna er gildunum sem fást fyrir markmiðin hins vegar umbreytt í T-gildi sem eru alla jafna notuð fyrir gögn á jafnbilakvarða. Gagnrýnendur GAS telja



- Eigin umsjá
- Fara um
- Skólfærni
- Grófhreyfifærni
- Fínþreyfifærni

Mynd 1. Flokkun markmiða

Tafla 1. Dæmi um markmið sem notað var í rannsókninni

Nafn barns: Helgi Dagsetning: 1/10 2009		Unnið með: Eigin umsjá Áætlað endurmat dags: 15/12 2009 Endurmat dags: 17/12 2009
Grunnfærni	-2	Helgi fær beina aðstoð og munnlegar leiðbeiningar við að klæða sig í að ofanverðu
Árangur minni en áætlað var	-1	Helgi setur sjálfur flík yfir höfuð og fær beina aðstoð og munnlegar leiðbeiningar við að klæða sig í ermar
Árangursmark	0	Helgi klæðir sig sjálfur í að ofanverðu með munnlegum leiðbeiningum
Árangur meiri en áætlað var	1	Helgi klæðir sig í að ofanverðu án munnlegra leiðbeininga
Árangur mun meiri en áætlað var	2	Helgi klæðir sig án aðstoðar bæði í heila peysu og peysu sem er opin að framan

því að aðferðina ætti einungis að nota í skjólstæðingsvinnu á vettvangi en ekki til rannsókna (Steenbeek o.fl., 2005).

Steenbeek og félagar (2007) gerðu heimildasamantekt um notkun GAS í endurhæfingu barna í þeim tilgangi að taka saman próffræðilega eiginleika aðferðarinnar. Í ljós kom að þótt GAS hafi verið notað í tugí ára er lítið vitað um áreiðanleika aðferðarinnar og réttmæti hennar er einnig umdeilanlegt. Líklegasta skýringin er suð að vegna þess hversu margbreytilegir og einstaklingsmiðaðir kvarðar GAS eru mæli þeir sjaldnast það sama og hefðbundin matstæki. Hins vegar gerir þetta GAS mjög næmt fyrir breytingum, sem skiptir miklu í íhlutun. Í öllum rannsóknunum sem heimildasamantekint tók til voru foreldrar mjög ánægðir með GAS-aðferðina og þá samvinnu sem skapaðist við notkun hennar og segja höfundar það benda til góðs „samfélagslegs réttmætis“ (social validity) (Steenbeek o.fl., 2007).

Áreiðanleika má auka með þjálfun og verða þeir sem ætla sér að nota GAS m.a. að æfa markmiðssetningu, fyrirgjöf og kvörðun markmiðanna (Clark og Caudrey, 1983). King, McDougall og félagar (1999) telja nauðsynlegt að notendur hafi a.m.k. árs reynslu í starfi

og verji sjö til tólf klukkustundum í að kynna sér aðferðina og gera æfingar með „leiðbeinanda“.


Næmi GAS til að greina breytingu á færni er einn helsti kostur aðferðarinnar. Hún er auðveld í notkun og kostnaður við hana líttill sem enginn. Vinsældir GAS hafa aukist jafnt og þétt og er hún ein þeirra einstaklingsmiðuðu aðferða sem eru hvað mest notaðar í heiminum í dag (Bouwens, van Heugten og Verhey, 2008).

GAS-aðferðina má nota við mismunandi aðstæður og því getur hún endurspeglad raunverulegan árangur í daglegu lífi (McDougall og Wright, 2009). Aðferðin býður upp á mat á öllum þremur víddum Alþjóðlega flokkunarkefisins um færni, fötlun og heilsu (International Classification of Functioning, Disability and Health = ICF), það er líkamsstarfsemi/líkamsbyggingu, athöfnum og þátttöku og fellur vel að hugmyndafræði líkansins (World Health Organization, 2001). Reynslan sýnir að við notkun GAS með börnum er áhersla fremur á styrkleika þeirra, færni í daglegu umhverfi og framfarir en ekki á fötlun, skerðingu eða annan vanda, eins og við notkun margra staðlaðra matstækja (Kiresuk o.fl., 1994; McDougall og Wright, 2009). Pótt

GAS hafi ýmsa kosti byggist aðferðin að miklu leyti á leikni, hlutleysi og sjálfstæði þess sem markmiðin setur (Cytrybaum, Ginath, Birdwell og Brandt, 1979; Simeonsson, Huntington og Short, 1982). Palisano (1993) bendir á að leikni fagfólks við að kvarða markmið er mismunandi og hætt við skekkju þegar árangur er metinn. King, McDougall og félagar (1999) telja einnig óviljandi skekkjur helsta ókost aðferðarinnar, til dæmis þegar markmið eru ekki nægilega krefjandi þannig að of auðvelt er að ná þeim og því skráðar framfarir sem í raun hafi ekki átt sér stað. Einnig benda þau á auknar líkur á skekkju þegar sami aðili setur markmið og metur hvort þeim hafi verið náð. Þessar hættur þarf fagfólk að hafa í huga þegar markmið eru sett og metin með GAS.

Rannsókn á útkomu íhlutunar

Rannsóknin er hluti af meistaraverkefni Söru Stefánsdóttur (2010), en auk þess að safna gögnum um útkomu þjónustu með GAS-aðferðinni var viðamikilla upplýsinga aflað með spurningalista og viðtölum við foreldra (Sara Stefánsdóttir og Snæfríður Þóra Egilson, 2010). Rannsóknin fór fram á Æfingastöðinni haustið 2010. Hún var samþykkt af Vísindasiðanefnd (09-055-SI) og foreldrar



Mynd 2. Meðal T-gildi barna ásamt meðal T-gildi Æfingarstöðvarinnar í heild.

undirrituðu upplýst samþykki. Í þessari umsjöllun verður einungis greint frá niðurstöðum útkomumælingarinnar.

Pátttakendur og framkvæmd

Foreldrar (ýmist annað eða báðir) 14 barna á aldrinum 15 mánaða til 5.9 ára tóku þátt í markmiðssetningu með GAS-aðferðinni ásamt fjórum þjálfurum, tveimur iðjuþjálfum og tveimur sjúkraþjálfurum. Skilyrði var að þjálfari hefði a.m.k. eins árs reynslu af starfi með börnum í endurhæfingu og æskilegt að skjólstæðingar þeirra, það er börnin, væru á svipuðum aldir.

Rannsóknarferlið skiptist í tvö tímabil. Á hinu fyrra voru iðjuþjálfar og sjúkraþjálfarar þjálfáðir í notkun GAS og á því síðara fór fram sameiginleg markmiðssetning þjálfara og fjölskyldu og mat á útkomu eftir tilskilinn tíma. Farið var vandlega eftir helstu tilmælum og ráðleggingum um aðferðina þegar hún er notuð í endurhæfingu barna (King, McDougall o.fl., 1999; Kiresuk o.fl., 1994). Rannsakandi hitti þjálfarana þrisvar sinnum og varði samtals sjó klukkustundum með þeim í kynningu á hugmyndafræði og aðferðinni sem GAS byggir á. Þess utan notuðu þjálfararnir að meðaltali 22 klukkustundir í æfingar við

markmiðssetningu, ýmist í hópi eða einir. Markmiðin voru send rannsakanda sem yfirfór þau vandlega og veitti endurgjöf. Innifalin í þessum 22 klukkustundum voru markmiðin sem notuð voru í rannsókninni. Að þessu loknu hófst samstarf þjálfara og foreldra við að tilgreina vanda og ákveða þau markmið sem vinna átti að. Börnin tóku ekki þátt í markmiðssetningunni, ýmist sökum aldurs eða færniskerðingar. Alls voru 27 markmið skilgreind fyrir 14 börn.

Eftir að búið var að setja markmiðin voru þau kvörðuð niður í fimm þrep af þjálfara og borin undir foreldra. Dagsetning endurmats var tilgreind á þessu stigi. Endurmatið fór fram á mismunandi tíma en í öllum tilvikum 10-12 vikum eftir að markmiðin höfðu verið sett. Við endurmat var þess gætt að ekki skeikaði nema tveimur til þremur dögum frá áður tilgreindum degi. Misjafnt var, eftir markmiðum, hvaða aðilar sáu um endurmatið en ýmist voru það þjálfararnir, foreldrar eða kennarar barnanna.

Gagnanna var aflað frá september til desember 2009 og voru þau meðhöndlud samkvæmt tilmælum Kiresuk og félaga (1994). Markmiðum hvers barns eða fjölskyldu voru gefin raungildin -2 til

+2 sem síðan var umbreytt í T-gildi með meðaltalið 50 og staðalfrávikið 10.

T-gildið 30 jafngildir hrátölunni -2, 40 jafngildir -1 og 50 jafngildir 0, eða að tilætluðum árangri hafi verið náð. T-gildið 60 jafngildir +1 og 70 jafngildir +2, eða árangri sem er mun meiri en áætlaður var. T-gildin gerðu samanburð milli barna mögulegan og sögðu jafnfram til um hvort börnin hefðu náð settum markmiðum.

Niðurstöður

Niðurstöður lýsa útkomu markmiða 14 barna. Samtals voru markmiðin 27, minnst eitt og mest fjögur fyrir hvert barn. Ekki var hægt að meta eitt markmið af þeim 27 sem sett voru í upphafi vegna breytileika í frammiðölu barnsins. Nítján markmið voru endurmetin í samvinnu þjálfara og starfsfólks leikskóla, þrjú af þjálfara, eitt af þjálfara og móður, eitt af báðum foreldrum og tvö markmiðanna voru metin af móður.

Flest markmiðin lutu að hreyfisærni barnanna, eða 15 alls. Af þeim vörðuðu sex fínhreyfisærni og -athafnir (klippa, teikna, skrifa) og níu færni í grófhreyfingum (hoppa, klifra, fara upp á „fjóra fætur“, standa á öðrum fæti og ganga). Fimm markmið lutu að færni barnanna við að fara um (fara milli

staða, hjóla) og sex að færni við eigin umsjá (að borða og klæða sig). Markmið sem tengdist skólfærni (vinnubrögð og úthald) var ekki endurmetið. Mynd 1 sýnir áherslur markmiðanna sem unnið var að og tafla 1 dæmi um kvarðað markmið.

Meðal T-gildi fyrir markmiðin í heild var 52,24 sem bendir til þess að íhlutun hafi skilað þeim árangri sem stefnt var að. Ellefu af fjórtán börnum náðu markmiðunum sem sett voru eða meiri árangri en áætlað var. Hjá tveimur börnum af 14 var árangur mun meiri en áætlað var og var T-gildi markmiða þeirra 70. Nú börn voru með T-gildi 50-59 en þrjú börn náðu ekki tilætluðum árangri. Mynd 2 sýnir bæði T-gildi hvers barns og meðal T-gildi fyrir Æfingastöðina.

Pjálfararnir fjórir lýstu ánægju sinni með markmiðssetninguna. Þeim fannst ferlið eflandi og lærdómsríkt en hins vegar nokkuð tímafrekt. Einnig fannst þeim erfitt að kvarða sum markmiðin í fimm þrep og töldu að hægt væri að einfalda ferlið með því að nota þrjú þrep.

Umræða

Útkoma íhlutunar sýndi að 11 börn af 14 náðu þeim árangri sem stefnt var að. Í rannsóknum hefur komið fram að vel skilgreind markmið auðvelda fagfólki og fjölskyldu að beina kröftum sínum í tiltekinn farveg þannig að íhlutun verður markvissari og árangur betri (King, McDougall o.fl., 1999). Líkamlegar áherslur voru áberandi við markmiðssetninguna en ekkert markmiðanna beindist að líðan eða félagslegri stöðu barnsins. Ef niðurstöður eru skoðaðar í ljósi ICF-líkansins þá er megináherslan á líkamsstarfsemi/líkamsbyggingu og athafnir en lítið horft til þátttöku og umhverfis. Þetta er ekki fyllilega í takt við áherslur Æfingastöðvarinnar á Líffþarfalíkanið (King o.fl., 2002) þar sem þátttaka og umhverfi eru í brennidepli í þjónustu við fjölskyldur. Hins vegar má færa góð rök fyrir því að þegar unnið er með ungum börnum, líkt og í þessari rannsókn, sé eðlilegt að þungi þjónustunnar tengist þroskatengdum áföngum.

Ahyggjur þjálfara af þeim tíma og vinnubrögðum sem GAS-ferlið krefst eru skiljanlegar. Í umhverfi þar sem hraði er mikill og tiltekinn fjöldi barna þarf þjónustu á degi hverjum getur reynst erfitt að innleiða einstaklingsbundna markmiðssetningu. Markmið sem miða að færni við hreyfingar eða athafnir eru að jafnaði einfaldari viðfangs en þau sem snúa að þátttöku, og því skiljanlegt að líkamlegar áherslur verði í brennidepli. Til að íhlutun skili sér í lífi og starfi fjölskyldunnar er þó áriðandi að markmiðssetning beinist einnig að þátttöku barns og fjölskyldu í samfélagit. Það kallað á breyttar áherslur og vinnubrögð frá því sem hér kemur fram.

Eins og fram kemur í skrifum höfunda um aðra þætti heildarrannsóknarinnar greindu þeir foreldrar sem þátt tóku í GAS-útkomumælingunni rannsakanda frá eindreginni ánægju með markmiðssetninguna sem fram fór í tengslum við mælinguna (Sara Stefánsdóttir, 2010; Sara Stefánsdóttir og Snæfríður Þóra Egilson, 2010). Reynsla þeirra er sambærileg því sem kemur fram í rannsóknum og skrifum fræðimanna um notkun einstaklingsbundinna markmiða í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra (King, McDougall o.fl., 1999; McLaren og Rodger, 2003; Tam o.fl., 2008). Foreldrarnir töldu vinnulagið auka árangur þjálfunar, vera hvetjandi fyrir alla aðila og árangursríka leið til að opna á samskipti foreldra og þjálfara (Sara Stefánsdóttir og Snæfríður Þóra Egilson, 2010). Ferlið sem á sér stað þegar GAS er notað virðist því mikilvægt þar sem það stuðlar að öflugri samvinnu fagfólks og fjölskyldu. Þannig endurspeglar það mikilvæga þætti fjölskyldu- og einstaklingsmiðaðrar þjónustu, leiðir til raunhæfari væntinga og aukinnar ánægju skjólstæðinga (King, McDougall o.fl., 1999; Law, Baptiste og Mills, 1995).

Takmarkanir rannsóknarinnar eru nokkrar. Lýðfræðilegar upplýsingar um foreldrana sem tóku þátt eru ekki fyrir hendi og því ekki unnt að skoða tengsl niðurstaðna við þætti eins og kyn og aldur. Önnur takmörkun sem getur leitt til skekkju er að þjálfarar völdu sjálfrir þátttakendur. Að lokum fór rannsóknin

einungis fram á Æfingastöðinni og því er ekki hægt að yfirfæra niðurstöðurnar á aðra staði þar sem unnið er með börnum og ungmennum. Vonandi hvetja niðurstöður rannsóknarinnar iðjuþjálfa til að fylgja eftir markvissum vinnubrögðum líkt og rannsakaðar voru á Æfingastöðinni. Einnig að iðjuþjálfar tengi íhlutun daglegu lífi eftir fremsta megni þannig að áhersla sé á þátttöku barns og fjölskyldu í samfélagini.

Heimildaskrá

- Ahl, L. E., Johansson, E., Granat, T. og Carlberg, E. B. (2005). Functional therapy for children with cerebral palsy: An ecological approach. *Developmental Medicine and Child Neurology*, 47, 613-619.
- Bailey, D. B., Bruder, M. B., Hebbeler, K., Carta, J., Defosset, M., Greenwood, C. o.fl. (2006). Recommended outcomes for families of young children with disabilities. *Journal of Early Intervention*, 28, 227-251.
- Bouwens, S. F. M., van Heugten, C. M. og Verhey, F. R. J. (2008). Review of Goal attainment scaling as a useful outcome measure in psychogeriatric patients with cognitive disorders. *Dementia Geriatric Cognitive Disorders*, 26, 528-540.
- Bovend'Eerdt, T. J.H., Botell, R. E. og Wade, D. T. (2009). Writing SMART rehabilitation goals and achieving goal attainment scaling: a practical guide. *Clinical Rehabilitation*, 23, 352-361.
- Clark, M. S. og Caudrey, D. J. (1983). Evaluation of rehabilitation services: The use of Goal attainment scaling. *International Rehabilitation Medicine*, 5, 41-45.
- Cytrybaum, S., Ginath, Y., Birdwell, J. og Brandt, L. (1979). Goal attainment scaling: A critical review. *Evaluation Quarterly*, 3, 5-40.
- Imms, C. (2008). Review of the children's assessment of participation and enjoyment and the preferences for activity of children. *Physical and*

- Occupational Therapy in Pediatrics*, 28, 386-401.
- King, G. A., McDougall, J., Palisano, R. J., Gritzan, J. og Tucker, M. A. (1999). Goal attainment scaling: Its use in evaluating pediatric therapy programs. *Physical and Occupational Therapy in Pediatrics*, 19(2), 31-53.
- King, G., Tucker, A. M., Baldwin, P., Lowry, K., LaPorta, J. og Martens, L. (2002). A Life needs model of pediatric service delivery: Services to support community participation and quality of life for children and youth with disabilities. *Physical and Occupational Therapy in Pediatrics*, 22, 53-77.
- King, S., Teplicky, R., King, G. og Rosenbaum, P. (2004). Family-centered service for children with cerebral palsy and their families: A review of the literature. Paper presented at the *Seminars in Pediatric Neurology*, 11, 78-86.
- Kiresuk, T. J. og Sherman, R. E. (1968). Goal attainment scaling: A general method for evaluating comprehensive community mental health programs. *Community Mental Health Journal*, 4, 443-453.
- Kiresuk, T. J., Smith, A. og Cardillo, J. E. (1994). *Goal attainment scaling: Applications, theory, and measurement*. New York: Psychology Press.
- Law, M., Baptiste, S., Carswell, A., McColl, M. A., Polatajko, H. og Pollock, N. (2005). *Canadian occupational performance measure* (4. útg.). Ottawa: CAOT.
- Law, M., Baptiste, S. og Mills, J. (1995). Client-centered practice: What does it mean and does it make a difference? *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 62, 250-257.
- Lowe, K., Novak, I. og Cusick, A. (2006). Low-dose/high-concentration localized botulinum toxin A improves upper limb movement and function in children with hemiplegic cerebral palsy. *Developmental Medicine and Child Neurology*, 48, 170-175.
- McDougall, J. og Wright, V. (2009). The ICF-CY and Goal attainment scaling: Benefits of their combined use for pediatric practice. *Disability and Rehabilitation*, 31, 1362-1372.
- McLaren, C. og Rodger, S. (2003). Goal attainment scaling: Clinical implications for paediatric occupational therapy practice. *Australian Occupational Therapy Journal*, 50, 216-224.
- Palisano, R. J. (1993). Validity of Goal attainment scaling in infants with motor delays. *Physical Therapy*, 73, 651-658.
- Palisano, R. J., Haley, S. M. og Brown, D. A. (1992). Goal attainment scaling as a measure of change in infants with motor delays. *Physical Therapy*, 72, 432-437.
- Rosenbaum, P., King, S., Law, M., King, G. og Evans, J. (1998). Family-centred service: A conceptual framework and research review. *Physical and Occupational Therapy in Pediatrics*, 18, 1-20.
- Sakzewski, L., Boyd, R. og Ziviani, J. (2007). Clinimetric properties of participation measures for 5-13 year old children with cerebral palsy: A systematic review. *Developmental Medicine and Child Neurology*, 49, 232-240.
- Sara Stefánsdóttir (2010). Reynsla foreldra og útkomu íhlutunar: Fjölskyldumiðuð þjónusta á Æfingastöðinni. Óbirt M.Sc.-ritgerð: Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðisvísindasvið.
- Sara Stefánsdóttir og Snæfríður Þóra Egilson (2010). Fjölskyldumiðuð þjónusta í endurhæfingu barna: Mat foreldra. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI*, sótt af: <http://hdl.handle.net/1946/6807>.
- Simeonsson, R. J., Huntington, G. S. og Short, R. J. (1982). Individual differences and goals: An approach to the evaluation of child progress. *Topics in Early Childhood Special Education*, 1, 71-80.
- Smith, A. (1994). Introduction and overview. Í T. J. Kiresuk, A. Smith og J. E. Cardillo (ritstj.), *Goal attainment scaling: Applications, theory and measurement* (bls. 1-14). New Jersey: Psychology Press.
- Snæfríður Þóra Egilson og Sara Stefánsdóttir (2011). Iðjuþjálfun barna og unglings. Í Guðrún Pálmaðóttir og Snæfríður Þóra Egilson (ritstjórar), *Iðja, heilsa og velferd: Iðjuþjálfun í íslensku samfélagi* (bls. 137-158). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Steenbeek, D., Ketelaar, M., Galama, K. og Gorter, J. W. (2007). Goal attainment scaling in paediatric rehabilitation: A critical review of the literature. *Developmental Medicine and Child Neurology*, 49, 550-556.
- Steenbeek, D., Ketelaar, M., Galama, K. og Gorter, J. W. (2008). Goal attainment scaling in paediatric rehabilitation: The inter-tester reliability after a clinical training. *Clinical Rehabilitation*, 22, 1135.
- Steenbeek, D., Meester-Delver, A., Becher, J. G. og Lankhorst, G. J. (2005). The effect of botulinum toxin type A treatment of the lower extremity on the level of functional abilities in children with cerebral palsy: Evaluation with Goal attainment scaling. *Clinical Rehabilitation*, 19, 274-282.
- Stewart, D., Law, M., Russell, D. og Hanna, S. (2004). Evaluating childrens' rehabilitation services: An application of a programme logic model. *Child: Care, Health and Development*, 30, 453-462.
- Tam, C., Teachman, G. og Wright, V. (2008). Paediatric application of individualised client-centred outcome measures: A literature review. *The British Journal of Occupational Therapy*, 71, 286-296.
- Turner-Stokes, L. (2009). Goal attainment scaling (GAS) in rehabilitation: A practical guide. *Clinical Rehabilitation*, 23, 362-370.
- World Health Organization (2001). *International classification of functioning, disability and health*. Genf: World Health Organization.

Ágrip fjórða árs nema

Brottfall úr framhaldsskólum frá sjónarhorni iðjuþjálfunar.
Það var bara að ég nennti þessu ekki



Helga Jakobsdóttir, Herdís Halldórsdóttir og Sunna Björk Hafsteinsdóttir

Tilgangur þessarar rannsóknar var að skoða sjónarhorn brottafalsnemenda á því hvers vegna þeir hættu í framhaldsskóla, upplifun þeirra af skólaumhverfi sínu og hvernig grunnskólaganga styður eða letur nemendur til áframhaldandi náms. Leitast var við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum: Hvaða ástæður ligga að baki brottaflli úr framhaldsskóla hjá viðmælendum? Hvaða hugmyndir að leiðum höfðu viðmælendur til að draga úr brottaflli? Aðferðafræði eiginlegra rannsókna var notuð og hugmyndafræði líkansins um iðju mannsins höfð að leiðarljósi við gerð rannsóknarinnar. Tekin voru viðtöl við níu viðmælendur á aldrinum 24-37 ára sem fengnir voru með tilgangsúrtaki, fimm karlar og fjórar konur. Við greiningu gagna var notuð opin kóðun og fundin hugtök sem lýsandi voru fyrir gögnin. Í ljós komu sex meginþemu; sjálfstæði, eigin geta, metnaður, skóli, vinir og heimili. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að áhrifaþættir brottafllar voru áhugaleysi fyrir námi og að nemendur sjá ekki tilgang

með því, auk þess sem fjárhagslegt öryggi var flestum mikilvægt. Forgangsröðun hlutverka og vanamynstur einstaklinga breyttist mikið á þessum árum og margir voru að takast að við ný og krefjandi hlutverk. Ýmsir undirliggjandi þættir höfðu áhrif á skólagönguna. Nokkrum fannst skólinn of fjölmennur og þar af leiðandi utanumhald litið. Einelti í grunnskóla hafði áhrif á áframhaldandi skólagöngu auk lélegs undirbúnings úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla. Viðmælendur fengu misjafnan stuðning frá heimilum sínum á skólagöngunni. Rannsakendur sjá fyrir sér hlutverk iðjuþjálfa í framhaldsskólum þar sem starfsvið þeirra væri að aðstoða við iðjutengd verkefni eftir þörfum nemenda í hvert og eitt skipti. Þeir geta m.a. komið að því að efla áhugahvöt nemenda, hjálpa þeim að finna sitt áhugasvið, koma auga á eigin styrkleika og að setja sér raunhæf markmið.

Lykilhugtök: Brottfall, nám á framhaldsskólastigi, sjónarhorn brottafalsnema, iðjuþjálfun.

Starf og starfsumhverfi sauðfjárbænda: Upplifun, ánægja og vellíðan



Ádalheiður Björk Rúnarsdóttir



Ingibjörg Bjarnadóttir

Starfshlutverkið er með veigameiri hlutverkum sem fólk gegnir í lífinu, hefur áhrif á ánægju þess og vellíðan og það hvernig fólk skilgreinir sjálf sig. Starf og starfsumhverfi sauðfjárbænda er að mörgu leyti frábrugðið öðrum starfsgreinum þar sem þeir vinna oft einir, starfið er samtvinnanð heimilislifi, og vinnutími er oft langur, óreglulegur og háður veðri. Tilgangur þessarar rannsóknar var tvíþættur: Annars vegar að kanna upplifun sauðfjárbænda af starfi sínu og starfsumhverfi og áhrifum þess á ánægju og vellíðan. Hins vegar að kanna hvernig íslensk bráðabirgðaútgáfa matstækisins Work Environment Impact

Scale (WEIS) hentar til að safna slíkum upplýsingum. Lagt var upp með þjrár rannsóknarspurningar: (1) Hvernig upplifa sauðfjárbændur starf sitt og starfsumhverfi? (2) Hvaða umhverfisþættir ýta undir ánægju og vellíðan sauðfjárbænda í starfi og hvaða þættir draga úr? (3) Hvernig samsvara meginlegar niðurstöður WEIS niðurstöðum greiningar eiginlegu gagnanna? Til að svara spurningunum var blandað rannsóknarsnið notað. Gögnum var safnað með matstækinu WEIS, sem er með hálfbundnum viðtalsramma og matskvarða og byggir á hugmyndafræði Líkansins um iðju mannsins (MOHO).

Viðtöl voru tekin við sex karlkyns sauðfjárbændur, 38-60 ára, sem valdir voru markvisst af Búnaðarsambandi Austurlands og Búnaðarsamtökum Vesturlands. Þau voru hljóðrituð, afrituð orðrétt og gefin stig samkvæmt kvarða matstækisins. Aðferð grundaðrar kenningar var notuð við greiningu eiginlegu gagnanna til að svara fyrstu rannsóknarspurningunni en tilnitafla tekin saman úr meginlegum niðurstöðum matstækisins til að svara annarri. Að lokum voru niðurstöður rannsóknaraðferðanna tveggja bornar saman til að svara þeirri þriðju. Helstu niðurstöður sýndu að upplifun viðmælenda af starfi sínu var almennt jákvæð, frelsið sem þeir höfðu var stór þáttur, m.a. sveigjanleiki við skipulagningu og

framkvæmd verka. Þeir voru í heildina mjög ánægðir með starfsumhverfi sitt, fyrir utan fjárhagslegan ávinning. Vinnuhagræðing hafði færst í vöxt en viðmælendur voru mislangt komnir í að þróa árangursíkar vinnuðferðir. Þeir voru nokkuð meðvitaðir um hvar helstu hæturnar lægju í starfsumhverfinu en töldu sig sjálfa síður í hættu en utanaðkomandi. Með notkun beggja rannsóknaraðferða fékkst aukin dýpt og skilningur á upplifun sauðfjárbændanna af starfi sínu og starfsumhverfi og þeim þáttum sem ýttu undir og drógu úr ánægju og vellfðan þeirra í starfi.

Lykilhugtök: Sauðfjárbændur, starf, starfsumhverfi, ánægja og vellfðan.

Mat foreldra á lífsgæðum barna sinna: Forþrófun á foreldraútgáfu KIDSCREEN matslistans

Erna Sveinbjörnsdóttir,
Lilja Möller og
Linda Björk Ólafsdóttir
nemar á 4. ári í iðjupjálfun
við Háskólann á Akureyri

Verkefni þetta er hluti af stærri rannsókn sem unnin var í samstarfi við Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar og beinist að viðhorfum foreldra fatlaðra barna til ýmissa þátta. Tilgangur verkefnisins var annars vegar að kanna mat foreldra á lífsgæðum fatlaðra barna sinna og hins vegar að skoða notagildi íslenskrar þýðingar og staðfærslu KIDSCREEN matslistans. Áður en rannsóknin á mati foreldra var gerð fór fram undirbúningsvinna við að þýða foreldraútgáfuna þar sem farið var eftir íslenskri þýðingu á barnaútgáfu KIDSCREEN. Fylgt var alþjóðlegum stöðlum evrópska KIDSCREEN rannsóknarhópsins til að tryggja áreiðanleika og réttmæti þýðingarinnar. Við staðfærslu matslistans var stuðst við niðurstöður ígrundaðra samtala við átta foreldra barna á aldrinum 8-18 ára og voru barna- og foreldraútgáfa samræmdar. Rannsóknin byggir á meginlegri aðferðafræði þar sem lýsandi þversniðsrannsóknaraðferð var notuð og t-prófi óháðra úrtaka beitt til að bera saman gögnin. KIDSCREEN-52 matslistinn var sendur út til 83 þáttakenda sem voru

foreldrar allra fatlaðra barna á aldrinum 8-16 ára, búsettar í Eyjafirði. Svör bárust frá 27 þáttakendum sem er 32,5% svarhlutfall. Niðurstöður sýndu að foreldrar mátu lífsgæði barna sinna undir einu staðalfráviki frá meðaltali normalkúfunnar í sex víddum af tíu. Marktaekur munur var á milli kynja í víddinni Hreyfiathafnir og heilsa og milli yngri og eldri barna innan víddanna Hreyfiathafnir og heilsa, Líðan og Skóli og nám. Þá var marktaekur munur milli barna með hreyfihömlun og barna með skerðingu af öðrum toga í víddinni Vinir og milli barna með þroskahömlun og annarra barna í víddinni Fjármál. Í ígrunduðu samtölunum voru foreldrar sammála um mikilvægi þess að skoða lífsgæði barna. Þeim fannst þó erfitt að svara einstaka spurningum matslistans og því voru foreldrar fatlaðra barna sem svoruðu matslistanum sammála. Einnig þótti þeim sumar spurningar eða víddir í heild ekki eiga við í öllum tilvikum, sérstaklega þegar börnin voru ófær um að tjá sig sjálf.

Lykilhugtök: KIDSCREEN, lífsgæði, fötlun, börn, foreldrar.

Pátttaka eldri íslendinga í athöfnum miðað við kyn, aldur og búsetu

Harpa Björgvinsdóttir,
Erica do Carma Ólason og
Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir

Markmið verkefnisins var að rannsaka hvernig eldri Íslendingar, búsetir í heimahúsum, meta getu sína til athafna og þáttöku. Slíkum upplýsingum er ábótant hér á landi en að sama skapi eru þær nauðsynlegar ef mæta á þörfum eldra fólks og gera þeim kleift að búa heima. Rannsóknarspurning: Hver er munurinn á athöfnum og þáttöku eldri einstaklinga, sem búa heima, eftir kyni, aldri og búsetu? Aðferð: Rannsóknin byggir á gögnum frá lýðgrundaðri þversniðsrannsókn á högum aldraðra sem bjuggu heima. Gögnum var safnað frá júní til september árið 2004 á norðanverðu Íslandi. Pátttakendur ($N=186$) voru 65-88 ára (meðalaldur=74 ár). Sjötíu einstaklingar (37,6%) höfðu náð 74 ára aldri, 89 þeirra (47,8%) voru konur og 68 (36,6%) bjuggu í dreifbýli. Matstækið Efri árin: Mat á færni og fötlun, sem er í formi spurningalista, var notað fyrir sjálfsmat á færni við athafnir og tiðni og takmarkanir á þáttöku. Matstækið gefur af sér mismunandi víddir sem fela í sér: (a) Athafnir sem reyna á efri eða neðri útlimi og erfiðari athafnir neðri útlíma, (b) tiðni þáttöku í félagslegum og persónulegum hlutverkum og (c) takmarkanir á þáttöku í virkni og stjórnunarhlutverkum. Í hverri vídd spannar kvarðinn bilið frá 0-100 og

fleiri stig tákna meiri færni eða minni takmarkanir. Til að rannsaka hvort munur væri á athöfnum og þáttöku eftir aldri, kyni og búsetu var t-prófi beitt og miðað við marktektarstuðulinn $p < 0,05$. Niðurstöður: Peir sem tilheyrðu yngri aldurshópnum (65-74 ára) mátu getu sína meiri í athöfnum og lýstu minni takmörkunum og meiri tiðni í þáttöku en þeir sem eldri voru (75-88 ára). Munur var á flestum mælivíddum á milli kynja og þar mátu karlar getu sína oftar betri en konur. Konur lýstu þó meiri þáttöku í persónulegum hlutverkum en karlar. Þegar að búsetu kom mátu þeir einstaklingar sem bjuggu í þéttbýli getu sína betri, fundu fyrir minni takmörkunum í þáttöku og tóku oftar þátt en þeir sem bjuggu í dreifbýli. Ályktun: Niðurstöður þessarar rannsóknar varpa nýju ljósí á hvernig eldri Norðlendingar meta færni sína og gefa ákveðnar vísbindingar um stöðu eldri landsmanna. Niðurstöðurnar geta meðal annars nýst sem rammi fyrir stefnumótun íslenskra stjórnvalda með það að markmiði að koma til móts við þarfir aldraðra sem búa heima og styðja við farsæla öldrun.

Lykilhugtök: ICF, CMOP-E, athafnir, þátttaka, aldraðir, kyn, aldur, búseta.

Skynúrvinnsluvandi grunnskólanemenda: Áhrif vandans á þáttöku í skólastarfi og helstu bjargráð



Thelma Hafþórsdóttir



Sunna Kristinsdóttir

Verkefni þetta er heimildasamantekt með nýsköpun. Tilgangur þess var að afla ítarlegra upplýsinga um áhrif skynúrvinnsluvanda á þáttöku grunnskólanemenda í skólastarfi og möguleg bjargráð til þess að draga úr þeim áhrifum. Til að stýra heimildaleit og afmarka viðfangsefni voru settar fram eftifarandi rannsóknarspurningar:

„Hvernig hefur skynúrvinnsluvandi áhrif á þáttöku grunnskólanemenda í skólastarfi?“ og „Hvernig má takmarka áhrif vandans á þáttöku grunnskólanemenda í skólastarfi?“. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á kanadísku hugmyndafræðinni, hugmyndum Hammel um réttinn til iðju ásamt kennungum um skynúrvinnslu. Heimildasamantekin leiddi í ljós að

skynúrvinnsluvandi á sér taugalíffræðilegar orsakir og getur leitt til þess að grunnskólanemendur eigi í erfiðleikum með þátttöku í skólastarfi, s.s. að vinna verkefni, leika við bekkjarfélaga og borða hádegismat í skólanum. Til þess að draga úr erfiðleikum sem þessum og auka gæði þátttökunnar má nýta bjargráð er snúa að aðlögun umhverfis og iðju, t.d. með því að setja myndir í námsefni, fækka leikföngum á leiksvæði eða leyfa nemendum að hlusta á iPod meðan þeir borða. Niðurstöðurnar voru nýttar til þess að þróa fræðslu fyrir kennara sem skiptist í upplýsingarit og námskeið. Upplýsingaritinu er ætlað að

efla þekkingu kennara á atferli barna með tilliti til skynúrvinnsluvanda og kynna helstu bjargráð. Markmið námskeiðsins er að dýpka þekkinguna enn frekar og styðja við innihald upplýsingaritsins svo kennarar öðlist skilning á eðli vandans og hafi þar með betra vald á þeim bjargráðum sem koma til greina.

Lykilhugtök: Bjargráð, grunnskólanemandi, skynúrvinnsla, skynúrvinnsluvandi, þátttaka grunnskólanemanda í skólastarfi.

Iðjupjálfar í grunnskólum á Íslandi: Þetta er alveg minn staður



Anna Alexandersdóttir



Guðrún Jóhanna Benediktasdóttir

Verkefni þetta er eiginleg rannsókn um starf iðjupjálfá í grunnskólum. Tölувort er vitað um störf þeirra í grunnskólum erlendis en minna um störf þeirra á Íslandi. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvað felst í hlutverki iðjupjálfá, aðstæður þeirra og áherslur í starfi. Rannsóknarspurningarnar sem hafðar voru að leiðarljósi voru: Hver eru meginviðfangsefni iðjupjálfá í grunnskólum á Íslandi og hvaða þættir móta starfsumhverfi þeirra og áherslur í starfi? Kanadíska hugmyndafræðin um eflingu iðju; einstakling, umhverfi, iðju; og skjólstaðing, þjónustu, samfélög, liggur til grundvallar verkefninu ásamt hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar. Þátttakendur voru sex iðjupjálfar, konur á aldrinum 34-50 ára sem allar voru starfandi í grunnskólum á Íslandi og voru í 75-100% starfshlutfalli. Gagna var aflað með opnum viðtölum og notað var vinnulag grundaðrar kenningar við gagnagreiningu með áherslu á sifeldan samanburð. Helstu niðurstöður

rannsóknarinnar benda til þess að hlutverk iðjupjálfá felist í að virkja nemendur til þátttöku með því að nýta styrkleika þeirra og áhugasvið og með því að aðlaga umhverfið eftir því sem við á. Rekstrarform, menning og sértækar þarfir innan hvers skóla höfðu töluluverð áhrif á starf iðjupjálfanna. Einnig stýrði færni og áhugi iðjupjálfans faglegum áherslum á staðnum og þeim leiðum sem farnar voru. Viðfangsefni þeirra voru fjölpætt og breytileg milli ára með tilliti til nemendahóps, s.s. leiðir til að efla nemendur til sjálftæðis, aðferðir við að tileinka sér námið, félagsfærni og hópefli. Telja rannsakendur að niðurstöðurnar nýtist við gerð starfslýsingar iðjupjálfá í grunnskólum ásamt kynningu á starfi þeirra út í samfélagið. Það kann jafnframt að fjölgu þeim skólastjórnum og bæjaryfirvöldum sem velja að hafa iðjupjálfá í starfi í grunnskólum.

Lykilhugtök: Aðstæður, faglegar áherslur, grunnskólar, iðjupjálfar, starfsumhverfi og viðfangsefni.

Hvar liggja tækifæri fyrir iðjuþjálfa sem starfa með börnum?

Ósk Sigurðardóttir iðjuþjálfi á BUGL,
Hólmdís Freyja Methúsa lemsdóttir iðjuþjálfi
á Æfingastöðinni og
Rakel Björk Gunnarsdóttir iðjuþjálfi
á Heilsugæslunni í Grafarvogi

Skortur á þjónustuúrræðum í nærumhverfi barna og unglings er umtalsverður í dag og varð það kveikjan að þessum pistli. Við teljum að iðjuþjálfar geti haft mikil og góð áhrif út í samfélagið. Við munum því fylla hér lítillega um þau tækifæri sem við sjáum fyrir iðjuþjálfa með áhuga á starfi með börnum og unglungum á nýjum og framandi starfsvettvangi. Eflaust eru tækifærin mun fleiri en nefnd verða hér á eftir en hugmyndin er fyrst og fremst að velta upp og skoða mismunandi leiðir. Iðjuþjálfar sem starfa á landsbyggðinni hafa skapað sér nýjar lendur á fjölbreyttum vettvangi, en skortur hefur verið á iðjuþjálfum á þekktum og rótgrónum vinnustöðum innan höfuðborgarsvæðisins og þar af leiðandi verið minna um frumkvöðlastarf á því svæði.

Iðjuþjálfun barna

Mikilvægt er að hlúa að börnum okkar og velferð þeirra og er þörf á sameiginlegu átki allra til að efta lífsgæði í samfélaginu. Með bættum lífsgæðum getur meðal annars verið átt við þau þjónustuúrræði sem börn og fjölskyldur þeirra hafa aðgang að.

Starf iðjuþjálfa með börnum er margbætt og snýst meðal annars um að aðstoða börn með fjölbreyttar þarfir. Starfið felur í sér m.a. að styrkja og efta hreyfíþroska þeirra, vitræna og/eða líkamlega getu, ásamt því að efta sjálfsmat þeirra og upplifun á eigin áhrifamætti. Starf iðjuþjálfa er mikilvægur hluti af því að veita sérfræðiþjónustu og stuðla þannig að bættum lífsgæðum fjölskyldna.

Nú þegar starfa iðjuþjálfar viða með börnum. Þá má finna meðal annars á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala (BUGL), Æfingastöðinni, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, TMF tölvumiðstöð og Heilsugæslu

höfuðborgarsvæðisins. Iðjuþjálfar starfa einnig hjá einstaka sveitarfélögum, leik- og grunnskólam og heilbrigðisstofnunum víðs vegar um landið. Sem dæmi má nefna að í dag starfar yfir tugur iðjuþjálfa í grunnskólam á landsvísu, flestir á norðausturhluta landsins en einungis einn á höfuðborgarsvæðinu. En það má gera enn betur og hér á eftir munum við koma með nokkrar hugmyndir að stöðum þar sem kraftar iðjuþjálfa gætu nýst.

Hvar liggja tækifærin?

Það er óhætt að fullyrða að þörf er fyrir iðjuþjálfa í grunnskólam landsins og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu en einungis er ein 75% staða í Hagaskóla í Reykjavík. Iðjuþjálfar á BUGL, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Æfingastöðinni og í Heilsugæslu Grafarvogs veita þó fræðslu, ráðgjöf og eftirfylgd til skóla í tengslum við sína skjólstæðinga.

Með iðjuþjálfa starfandi í leik- og grunnskólam er þjónustan veitt í nærumhverfi barnsins.

Pá gefst möguleiki á að grípa fljótt inn í og styðja við börn og fjölskyldur áður en vandin verður það yfirgrípsmikill að leita þurfi til sérhæfðari stofnana, það er á 2. eða 3. þjónustustigi. Þó nokkrir iðjuþjálfar hafa verið ráðnir inn í skólakerfið og komið að þjónustu skólanna á margvíslegan hátt sem sýnir okkur að hver og einn skólastjórnandi hefur þann möguleika að veita sem heildstæðasta stoðþjónustu í sínum skóla.

En hvaða leiðir eru okkur færar?

Ein leiðin er að fá stöðu iðjuþjálfa inn í einstaka skóla líkt og dæmi eru um. Sýn og hugmyndafræði iðjuþjálfa ætti þó alveg eins heima innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Þar eru mismunandi svið sem sjá um þjónustu og úrræði fyrir borgarbúa. Má þar helst nefna

Velferðarsvið og Skóla- og frístundasvið sem snúa að þeirri þjónustu sem barnaiðjuþjálfar gætu átt fullt erindi að.

Skóla- og frístundasviði

Reykjavíkurborgar sem og skólabjónustu annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ber að stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu og þar ætti þjónusta og þekking iðjuþjálfa ekki að vera undanskilin. Með starfandi iðjuþjálfa á Skóla- og frístundasviði mætti efla stöðþjónustu skólanna. Þá eru við helst að ræða um stöðu ofarlega í skipuriti þar sem iðjuþjálfi hefði áhrif varðandi skipulagningu og þróun þjónustu. Það má því velta því upp hvort ráðamenn innan borgarinnar og sveitafélaganna í kring gætu séð sérfræðiúrræði grunnskóla höfuðborgarsvæðisins með þessum tiltekna hætti.

Annar möguleiki er að iðjuþjálfar yrðu ráðnir í stöður innan Velferðarsviðs borgarinnar og myndu þá tengast skólakerfinu í gegnum þjónustumiðstöðvar hverfanna sem sinna sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla. Það er meðal annars í höndum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem og félagsþjónustu annarra sveitarfélaga að sjá um þróun nýrra úrræða og verkefna. Því teljum við góðan grundvöll fyrir því að kynna starf og sérþekkingu iðjuþjálfa innan þessa svíðs. Í hverfum borgarinnar eru sex þjónustumiðstöðvar sem hafa það meðal annars að markmiði að sinna þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, veita sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og frístundaráðgjöf auk þess að sinna félagsstarfi. Á þjónustumiðstöðvum fer fram faglegt samstarf með áherslu á samþætta þjónustu. Þar eru starfandi sérkennsluráðgjafar, félagsráðgjafar og skolasálfræðingar svo eitthvað sé nefnt.

En af hverju er þar enginn iðjuþjálfi sem kemur að málefnum barna? Aðkoma iðjuþjálfa innan þjónustumiðstöðva gæti verið margþött og sérþekking þeirra ætti að vera, að okkar mati, einn af þeim mikilvægu þáttum sem skapa heildstæða og samþætta þjónustu við sín samfélagsins. Fjölbreytt þjónustuúrræði eins og stuðningur við uppeldi, það að rjúfa félagslega einangrun og aðstoð við að njóta félagslifs og menningar, svo ekki sé minnst á það atriði sem er barnaiðjuþjálffum hjartans mál, að stuðla að bættri félagsfærni barna, eru dæmi um spennandi viðfangsefni.

Það er nokkuð ljóst að sem starfsmaður þjónustumiðstöðvar hefði iðjuþjálfi gott tækifæri til að veita snemmtæka íhlutun sem og þjónustu í nærumhverfi. Leik- og grunnskólar hefðu þá góðan aðgang að iðjuþjálffum jafnt og öðrum fagaðilum.

Við sjáum einnig fyrir okkur mikla möguleika fyrir iðjuþjálfa á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eins og dæmi eru um á Heilsugæslu Grafarvogs, en þar er starfandi meðferðarteymi barna. Það úrræði var í upphafi tilraunaverkefni sem átti í framhaldi að yfirfæra á fleiri heilsugæslustöðvar en ekki hefur orðið af því. Mikil þörf er á slíkum meðferðarteymum annars staðar og gætu iðjuþjálfar komið þar sterkt inn með fræðslu og ráðgjöf til barna og foreldra ásamt því að veita stuðning inn á heimilið ef þörf þykir.

Barnaspítali Hringssins er svo enn eitt dæmi um vinnustað þar sem iðjuþjálfar eiga heima. Möguleg aðkoma iðjuþjálfa þar hefur verið skoðuð lítillega og einkum hefur verið horft til Rjóðursins sem er hvíldar- og endurhafningarheimili fyrir langveik og fötluð börn. En einnig má skoða möguleika á stöðu iðjuþjálfa við sérhæfða göngudeildarþjónustu Kvenna- og barnasviðs LSH, t.d. fyrir börn og unglings með krabbamein eða sykursýki og börn sem kljást við offitu svo eitthvað sé nefnt.

Það er óhætt að segja að tækifærin liggi víða en það er hægara sagt en gert að fara ótroðnar slóðir. Það krefst mikillar skipulagningar, hugmyndavinnu, fagþekkingar og áræðni. En fyrirmynndirnar eru til staðar eins og í skólum víða um land og má að mati höfundu efla þann vettvang til muna, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Hér hafa verið nefndar þrjár mismunandi leiðir að skólum höfuðborgarsvæðisins. Að skólar sjái sjálfir um að efla sína stöðþjónustu með ráðningum til sín og að farið verði í gegnum þjónustumiðstöðvar hverfanna eða miðsvæðis hjá borginni á Skóla- og frístundasviði. Innan þjónustumiðstöðvanna nýtist sérþekking iðjuþjálfa ekki eingöngu leik- og grunnskólum heldur líka ýmissi annarri þjónustu sem þau veita. Tækifærin liggja víða og vangaveltur okkar hér fyrir ofan eru líklegast aðeins toppurinn á ísjakanum. Við hvetjum því iðjuþjálfa til að horfa lausnamiðað fram á veginn og líta á hindranir sem tækifæri. Framtíðin er iðjuþjálffum björt og svo margt spennandi sem við getum tekið okkur fyrir hendur.

Að lokum viljum við benda að undanfarin ár hafa iðjuþjálfar sem vinna með börnum og ungmennum starfrækt faghóp um iðjuþjálfun barna og eru fundir haldnir reglulega. Markmiðin með starfsemiinni eru helst þau að miðla þekkingu um barnaiðjuþjálfun innan hópsins sem utan og að stuðla að lifandi umræðu um áherslur í þjónustu iðjuþjálfa við börn og ungmanni og fjölskyldur þeirra.

Meðal verkefna faghópsins er að setja saman, þýða og efla notkun matstækja. Sú vinna hefur bæði farið fram í tengslum við störf og nám iðjuþjálfa og iðjuþjálfanema við Háskólanum á Akureyri. Iðjuþjálfar innan faghópsins hafa gegnum tíðina sótt sér og miðlað þekkingu hér á landi sem og erlendis. Upplýsingar um starfseminar er að finna á vef Iðjuþjálfafélags Íslands.



Elín H. Einarsdóttir iðjupjálfra

Í hverju felst starf iðjupjálfra í álveri?

ber á sér sérstaka mæla við vinnu sína úti á framleiðslusvæði. Hann fylgist líka með og skráir niður það sem er að gerast í nánasta starfsumhverfi fólksins. Hinn starfsmaðurinn er í 60% starfi, en hann aðstoðar okkur við að halda utan um öll gögn og tryggja að allar skýrslur og gögn sem þurfa að komast til starfsmanna rati rétta leið.

Stór hluti starfsins er að halda utan um og gera mælingar á mengunarálagi sem starfsmenn geta orðið fyrir. Um er að reða mælingar á loftgæðum, hávaða og hitaálagi. Til þess að meta hvort eða hvaða mælingar þarf að framkvæma, t.d vegna loftgæða, er mikilvægt að þekkja þau störf mjög vel sem unnin eru í verksmiðjunni og hafa allar upplýsingar um þau efni sem notuð eru í hverju starfi fyrir sig. Upplýsingar um efnin fáum við á öryggisblöðum sem verða að fylgja hverju efni sem kemur inn í álverið. Í okkar vinnu þarf að fylgja innri stöðum Alcoa Fjarðáals auk íslenskra laga og reglugerða. Samkvæmt þeim stöðum má ekki koma með efni inn á svæðið nema samþykki frá UHÖ-teymingu liggi fyrir. Framkvæma þarf áhættumat á öllum efnum áður en þau fara inn á framleiðslusvæðin, þar sem metið er hvort efnið er skaðlegt fyrir umhverfið eða hvort það geti á einhvern hátt verið skaðlegt fyrir heilsu starfsmanna. Þannig finnum við út hvort starfsmenn sem meðhöndla efnin þurfi sérstaka þjálfun til að nota þau. Einnig þurfa starfsmenn að vita hvernig að bregðast við ef eitthvað kemur fyrir og ef þeir skyldu finna fyrir váhrifum. Þá er mikilvægt fyrir viðkomandi að þekkja einkennin, fara á heilsugæsluna og láta kanna nánar hvað veldur. Í framhaldi af þessu eru gerðar viðeigandi ráðstafanir sem gætu kannski verið að skipta efni út, breyta verkferli eða jafnvel færa starfsmann til í starfi.

Eins og áður sagði eru reglugæslar mælingar á hávaða, og þar sem hávaði fer yfir leyfileg mörk, verður að búa til aðgerðaráætlun sem stuðlar að því að minnka hávaðann, hvort sem það er með breytingu

á búnaði eða breytingu á verklagi. Það sama við um ef efni, ryk eða gufur í umhverfi starfsmanna fara yfir leyfileg mengunarmörk, þá þarf að gera ráðstafanir til að minnka mengunarálag. Þess vegna er mikilvægt að halda mælingunum stöðugt áfram. Þar sem hávaði og/eða loftgæði fara yfir ákveðin mörk þarf að tryggja að þeir starfsmenn sem þar eru fari árlega í heilsufarsskoðun. Í henni felst m.a. öndunarmæling og/eða heyrnarmæling. Læknir og hjúkrunarfræðingar fara yfir niðurstöður með viðkomandi starfsmanni og ef frávik eru frá fyrri mælingum er metið hvort þörf sé á breytingu á starfsstöð eða tilflutningi í starfi.

Fjarðáál leggur metnað sinn í að gera starfsumhverfið eins gott og hægt er með heilsugæslu innan veggja fyrirtækisins, reglugum heilsufarsskoðunum og stöðugri fræðslu til starfsfólks. Einnig er boðið upp á velferðarþjónustu fyrir starfsmenn Fjarðáals, maka þeirra og börn. Í þeirri þjónustu felst aðstoð og ráðgjöf sérfræðinga á flestum þeim svíðum sem snúa að velferð einstaklinga og áherslur miðast að þörfum hvers og eins. Boðið er upp á hjónabands-, uppeldis- og fjölskylduráðgjöf, sálfræðiráðgjöf, lögfraðiþjónustu og fjármálaráðgjöf svo eitthvað sé nefnt. Þessa þjónustu geta allir starfsmenn nýtt sér í allt að sex skipti á ári sér að kostnaðarlausu. Henni fylgir nafnleynd þannig að við vitum bara hvort einhver notar þjónustuna en ekki hver.

Ég tel að þekking, reynsla og sýn iðjupjálfra nýtist vel í iðnaðarumhverfi sem okkar, þar sem margir vinna og störf eru fjölbreytt. Okkar hlutverk er að horfa á heildarmyndina og setja skammtíma- og langtíma- mælanleg markmið, þannig að ávinningur sé sýnilegur. Þetta á bæði við í umhverfi þar sem skjólstæðingar fá íhlutun hjá iðjupjálfra, sem og í iðnaðarumhverfi. Í því umhverfi vinnum við í því að gera starfsumhverfið eins heilsusamlegt og best getur orðið og það starf getur verið mjög skapandi, ánægjulegt og gefandi.

Undanfarin sex ár hef ég unnið hjá Alcoa Fjarðáali í umhverfis-, heilsu- og öryggisteymi (UHÖ), en eins og nafnið gefur til kynna er okkar hlutverk að hlúa að heilsu og öryggi starfsmanna ásamt því að sinna umhverfismálum. Það eru þrettán starfsmenn í teymingu og þar af tveir umhverfissérfræðingar og fjórir öryggisfulltrúar sem eru staðsettir úti á framleiðslusvæðum.

Starfsmenn teymisins sem tengjast heilsuhlutanum eru sex talsins. Tveir hjúkrunarfræðingar sjá um að reka fullkomna heilsugæslu starfsmanna en þangað kemur einnig læknir sem er til viðtals hálfan dag tvívar í viku. Við erum tvö sem vinnum sem sérfræðingar í heilsumálum: annars vegar sérfræðingur sem sér um vinnuvistfræði og heilsueflingu starfsmanna ásamt ráðgjöf um hreyfingu og mataræði fyrir starfsmenn, og hins vegar er mitt starf, en starfsheitið er á ensku „industrial hygienist“. Mér hefur ekki tekist að finna íslenskt starfsheiti en þetta starf er í grunninum ekki svo ólíkt starfi iðjupjálfra. Fyrir mér telst starfið til vinnuvistfræði þar sem hluti af starfinu gengur út á að viðhalda, fyrirbyggja og upplýsa.

Starfið mitt felst sem sagt í því að fræða starfsfólk um þær hættur sem geta skapast í starfi og gera viðeigandi ráðstafanir til að fjarlægja eða minnka þessar hættur, hvort sem um er að ræða breytingu á búnaði eða verklagi. Allar breytingar verða að vera mælanlegar en mér til aðstoðar hef ég tvö starfsmenn. Annar þeirra er í 100% starfi, en hann sér um að fylgja starfsfólkum sem

KYNNING Á SPILI:

Geymt en ekki gleymt, spil fyrir fólk með fortíð



Ingibjörg Pétursdóttir
María Björk Viðarsdóttir



Við undirritaðar, Ingibjörg Pétursdóttir íðjuþjálfí og María Björk Viðarsdóttir kerfisfræðingur, höfum hannað spil sem er ætlað eldra fólk og hentar sérstaklega fyrir fólk með minnisskerðingu, þótt fleiri geti haft ánægju af að spreyta sig á spilinu.

Spilið samanstendur af 9 spjöldum með 6 myndum á hverju spjaldi af ýmsum þekktum stöðum á Íslandi og byggingum, íslenskum jurtum og fuglum. Síðast en ekki síst eru myndir af Íslendingum sem þekktir eru fyrir þátttöku sína í stjórnmálum, listum, þróttum o.fl. Spilið snýst um að þekkja myndefnið og rifja upp í sameiningu ýmislegt sem tengist því og fá þátttakendur jafnvel til að lýsa eigin reynslu.

Það er misjafnt hve vel myndefnið hentar til upprifjunar en með hverri mynd fylgir ítarefni, þ.e. upplýsingar um það sem myndin sýnir sem stjórnandinn getur notað til að leiða umræðuna.

Sem dæmi má nefna mynd af Jónasi Hallgrímssyni. Hvað vita þátttakendur um hann? Hvaða ljóð eftir hann þekkja þeir? Sömuleiðis getur spunnist umræða um hvað sé upphaldsljóðið þeirra og hvaða skáld þeir meta mest o.s.frv.

Annað dæmi er mynd af Hótel Borg. Hvar er það staðsett, hver byggði það?

Hafa þátttakendur sótt böll á Borginni og ef ekki, hvert fóru þeir að skemmta sér? Þannig getur upprifjunin verið tengd við minningar.

Pví má segja að spilið minni um margt á minningavinnu sem hefur verið að ryðja sér til rúms á undanförnum árum í meðferð fólks með minnisskerðingu eða heilabilun.

Myndir af landslagi og byggingum eru teknar af Mats Wibe Lund ljósmyndara og fuglamyndir af Jóhanni Óla Hilmarssyni ljósmyndara og eru myndir þeirra notaðar með góðfúslegu leyfi þeirra. Myndir af fólk eru fengnar hjá einstaklingunum sjálfum eða aðstandendum þeirra.

Spilið er eins og áður segir ætlað fólk á miðjum aldri eða eldra.

Það skerpir athygli, einbeitingu og minni og getur vakið minningar sem aftur geta stuðlað að bættum samskiptum á milli þátttakenda og aðstandenda þeirra.

Spilið hefur verið prófað með góðum árangri í dagþjálfun fyrir fólk með heilabilun (í Fríðuhúsi, Drafnarhúsi og Maríuhúsi).

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér spilið eða kaupa það geta haft samband við undirritaðar.

Ný rannsókn í undirbúningi á Reykjalundi í samstarfi við Háskólann á Akureyri



Magrét Sigurðardóttir,
iðjupjálfí á Reykjalundi.



Sigríður Jónsdóttir,
iðjupjálfí á Reykjalundi.



Guðrún Pálmaðóttir,
iðjupjálfí á Reykjalundi.

Matstækið Mat á eigin iðju (Occupational Self Assessment, OSA) var fyrst þytt á íslensku haustið 2004 og sú útgáfa var lögð fyrir 131 skjólstæðing iðjupjálfá á Reykjalundi árið eftir. Niðurstöðurnar voru birtar í BS-verkefni Sigríðar Jónsdóttur og Aðalheiðar Pálsdóttur. Í framhaldinu var stofnað til samvinnu við þá sem unnu að þróun matstækisins í Bandaríkjum. Þar var gerð Rasch-greining á gögnunum og niðurstöður bornar saman við gagnabankann þeirra. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að íslensk þýðing matstækisins var ekki sambærileg við bandarísku útgáfuna að öllu leyti. Svarmynstur íslensku þátttakendanna var of frábrugðið því sem við mátti búast m.t.t. uppbyggingar kvarðanna. Ósamræmi í mælingu var að finna hjá 12,9% þátttakenda á færnikvarðanum og þrjú atriði þar mættu ekki kröfum Rasch-líkansins. Hins vegar virtist færnikvarðinn mæla færnina rétt og var laus við gólf- og rjáfuráhrif. Gildiskvarðinn sýndi tölverð rjáfuráhrif og þar voru einnig þrjú atriði sem mættu ekki kröfum Rasch-líkansins. Vegna þessa hefur íslenska þýðingin einungis verið notuð í klínískri vinnu og ekki verið unnt að nota Mat á eigin iðju í hóprannsóknnum eða sem árangursmat.

Mat á eigin iðju er skjólstæðingsmiðað matstæki, það nýtist skjólstæðingum yfirleitt vel við að ákveða áherslur í iðjupjálfun og auðveldar þeim markmiðssetningu. Matstækið er talsvert notað af íslenskum iðjupjálfum og brynt er að halda áfram og ljúka þróun þess. Í þeim tilgangi var stofnað til samstarfs

við Guðrúnú Pálmaðóttur, dósent við Heilbrigðisvíssindasvið Háskólangs á Akureyri, og við þrjár endurskoðuðum þýðinguna og tókum við það mið af niðurstöðum Rasch-greiningarinnar.

Nýlega sóttum við um leyfi Vísindasíðanefndar til þess að fara af stað með rannsókn, sem nefnist: Þróun matstækisins Mat á eigin iðju (Occupational Self Assessment (OSA)). Annars vegar er tilgangurinn að endurbæta íslenska þýðingu matstækisins til að auka gæði þess og réttmæti og hins vegar að kanna próffráðilega eiginleika þýðingarinnar með það í huga að nýta matstækið sem árangursmat.

Í fyrri hluta rannsóknarinnar verða tekin ígrundud viðtöl við 10-15 þátttakendur þar sem þeir svara spurningum matstækisins og útskýra um leið hvernig þeir skilja þær. Í síðari hluta rannsóknarinnar er áætlað að leggja nýja og endurbætta þýðingu matstækisins fyrir a.m.k. 100 skjólstæðinga sem innritast í iðjupjálfun á Reykjalundi á fjögurra mánaða tímfibili. Matstækið verður lagt fyrir tvívar sinnum, þ.e. í upphafi og í lok endurhæfingartímabils á Reykjalundi.

Við höfum einnig í huga að leita eftir samstarfi við fleiri vinnustaði iðjupjálfá síðar til þess að fá fjölbreyttari gögn, þ.e. frá mismunandi skjólstæðingahópum. Vonumst við til að undirtektir verði góðar ef til þess kemur.

Hugrökk og hvetjandi



Kristjana Milla Snorradóttir,
iðjuþjálfí í fæðingarorlofi.

Lykilorð: Hugrekki, doktorsnám, Housing Enabler

Björg Þórðardóttir er einn affáum iðjuþjálfum hér á landi sem hafa haft kjark, nennu og metnað í að fara í doktorsnám. Hún flutti með fjölskyldunni til Lundar í Svíþjóð, dreif sig í hina langþráðu BS-gráðu, skellti sér í mastersnám og er nú í launaðri vinnu við að taka doktorsgráðu í iðjuþjálfun. „Ég er ótrúlega þakklát fyrir það að vera í þessu batterii, að vera að taka doktor í iðjuþjálfun. Þetta rannsóknarumhverfi hér í Lundi er svo hvetjandi, hvetur mann til dáða og fær mann til að sjá það að þetta er alveg hægt.“

Ég hitti Björgu úti að hjóla í Erigningaráða í Lundi í gær. Alltaf hressandi að hitta hana, ég á það nefnilega til að gleyma „fagímyndinni“ minni en Björg geislar svoleiðis alltaf af metnaði og brosmildi að það er ekki hægt annað en að hrífast með. Henni tekst alltaf að minna mig á hvað iðjuþjálfun er flott fag og hvað við byggjum á magnaðri hugmyndafræði. Björg er núna, einn af fáum íslenskum iðjuþjálfum, að hefja doktorsnám í iðjuþjálfun. Mér finnst það ótrúlega spennandi og aðdáunarvert að leggja í slíkt ferðalag, hvað þá með tvö börn, fjarri stórfjölskyldu og með eiginmann í álíska krefjandi námi. Mér finnst þetta í raun það spennandi að mér finnst ekki annað hægt en að fá að deila þessu með iðjunum heima og stökk á Björgu með hugmynd um að kynna hana í Iðjuþjálfablaðinu. Að sjálfsögðu var „kedðlan“ til.

Björg lauk iðjuþjálfanámi með diplóma frá Næstved í Danmörku árið 1997. Hún hefur aflað sér víðtækra reynslu innan iðjuþjálfunar og starfaði eftir útskrift hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra. Eftir tveggja ára vinnu með börnum var hún fyrsti starfsmaðurinn í nýstofnuðu fyrirtæki, Solarplexus ehf., sem sérhæfði sig í ráðgjöf um heilbrigðis- og öryggisþætti á vinnustöðum. Lengst af vann Björg svo á Reykjalandi, á lungnasviði, hjartasviði og siðustu tvö árin sem svíðsstjóri iðjuþjálfunar á offitusviði.

Árið 2008 flutti Björg með fjölskyldunni til Lundar í Svíþjóð til að takast á við námsmannalíf í útlöndum að nýju. Það hafði lengi blundað í henni að fara í frekara nám. Björg segist hafa leitað lengi á netinu að námi sem heillaði en mastersnám í iðjuþjálfun hafi ekki verið á hverju strái. Þegar svo kom að því að eiginmaðurinn ákvæð að fara í master sagði hún að hann mætti velja stað og hún myndi finna sér eithvað við hæfi.

„Ég féll fyrir Lundi á fyrsta degi, fallegur háskólabær og hæfilega stór fyrir mig. Svo er stutt til Malmö eða Köben ef maður vill meira líf. Fjölskylduvænt umhverfi og við getum verið áfram á stúdentagörðunum á meðan við erum í doktorsnámi. Hér er gott að vera, nóg af íslensku fjölskyldufólk, sem leiðir til þess að strákarnir leika sér jöfnum höndum á íslensku og sænsku.“

Fljóttlega eftir flutningana til Lundar komst Björg að því að við háskólann er öflug heilbrigðisvísindadeild. Þar er m.a. kennið iðjuþjálfun til BS-gráðu og heilbrigðisvísindi á meistarastigi, þar sem hægt er að leggja sérstaka áherslu á iðjuþjálfun. Í meistararanáminu eru margir áfangar sem falla undir hatt iðjuþjálfunar, svo sem sérhæfing í vinnuvistfræði og öldrun. Í fyrstu leit út fyrir að námið gengi ekki upp og yrði ekki samþykkt af LÍN þar sem það var kynnt sem hálf nám, þ.e. nám með vinnu. En með „íslenskri útsjónarsemi og smá átroðningi“ fékk hún það í gegn

hjá deildinni að vera í fullu námi í tvö ár og ljúka þannig við meistaragráðuna á tilskuldum tíma fyrir LÍN.

Eftir tveggja ára meistaránáum var Björg ótrúlegt en satt, enn með námsfiðringinn og langaði í meira. Þegar við Björg fórum að tala um doktorsnámið virkilega ljómaði hún og talaði um námið eins og lítill krakki að rifja upp jólagafirnar. Hún talaði um Susanne, handleiðarann sinn, sem svo merkilega konu að mig langar að kynnast henni. Jafnvel poppa upp hugmyndir í hausnum á mér um að þetta gæti nú verið spennandi. „Hmmm, að vera doktor í Svíþjóð, lesa greinar og fara á ráðstefnur, verða ótrúlega vitur og gera eitthvað spennandi allan daginn.“ Já, eða þannig tókst henni allavega að sannfæra mig á mjög stuttum tíma.

Hin ofangreinda Susanne, er prófessor Iwarsson. Hún er iðjuþjálfi með doktorsgráðu í öldrunarfræðum, hljómar ekki töff en eftir sannfæringerar Bjargar get ég vel í myndað mér að hún hafi verið á „comeback“-tónleikum New Kids on the Block í Malmö fyrir fjórum dögum. Professor Iwarsson, eins og við myndum kalla hana í Svíþjóð, er yfirmaður rannsóknarhóps innan heilbrigðisvísindadeildarinnar, nefndur CASE (Center for Ageing and Supportive Environment). Rannsóknarhópurinn var upphaflega byggður upp í kringum stöðlun og þróun á matstækinu Housing Enabler. Björg segir að það mætti líkja Housing Enabler við AMPS að því leyti að á meðan AMPS tekur einstaklinginn fyrir þá tekur Housing Enabler heimilið fyrir. Matstækið er notað hér í Svíþjóð og viðar af iðjuþjálfum. Í heimilisathugun eru aðstæður kannaðar út frá því hvað þarf að bæta og breyta svo fólk með skerta færni geti búið áfram heima. Matstækið er ekki eingöngu fyrir aldraða, heldur alla þá sem glíma við færniskerðingu. Það lýsir einstaklingum og umhverfi þeirra og spáir fyrir um aðgengisvandamál í hísbýlum.

Fjögurra ára launuð staða sem doktorsnemi

Iwarsson, sem Björg kallar Susanne þó ég þori ekki alveg að leyfa mér það hér, hefur unnið að því að CASE sjái um rannsóknir

fyrir Multi Park, sem eru regnhlífarsamtök fyrir rannsóknir á Parkinson-sjúkdómnum í Svíþjóð. Sænska ríkisstjórnin hefur nú ákvæðið að leggja eigi áherslu á þennan málaflokk, þ.e. Parkinson-sjúkdóminn. Með þeiri ákvörðun komu inn peningar í rannsóknarhóppinn og þar með launuð staða fyrir iðjuþjálfa í fjögur ár, undir handleiðslu Susanne Iwarsson, segir Björg stolt og skælbrosandi.

„Mikið af mínu starfi hingað til hefur verið að lesa og rýna í greinar, sérstaklega um ICF, Alþjóðlega flokkunarkefnið um færni, fötlun og heilsu. Í þessu nýja flokkunarkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) var þátttöku og athöfnum slegið saman í einn flokk undir færni. Fræðimenn eru mjög ósammála um þessa flokkun því þetta er ekki það sama. Það er hægt að mæla t.d. framfarir við ákveðna iðju en það þýðir ekki endilega að þú munir takar meiri þátt. Tökum sem dæmi einhvern sem er í endurhæfingu,“ segir Björg. „Við metum hvernig viðkomandi gengur við ákveðna iðju en svo þegar heim er komið þá framkvæmir hann ekki endilega þá iðju. Hann getur gert þetta líkamlega en framkvæmir ekki. Það vantar að mæla þátttökuna, það er oft erfitt að mæla hana. Þátttaka eflir lífsgæði, það eru til margir heilsutengdir lífsgæðakvarðar en þeir eru ekki endilega góðir til að mæla þátttöku. “ Það er það sem líf Bjargar snýst um þessa dagana, hvernig við metum þátttöku.

Fyrsta verkefni Bjargar verður að taka viðtöl í rýnihópum við fólk með Parkinson á ólíkum stigum. Þar eru lagðar fram opnar spurningar um þátttöku í daglegri iðju; hvar er fólk að taka þátt, hvað hindrar þátttöku þess og hvað hvetur. „Þetta er mjög skjólstæðingsmiðað, við erum að fá fram þeirra viðhorf og skoðanir á þátttöku þeirra í daglegri iðju. Skjólstæðingarnir eru síðan í framhaldinu þáttakendur í því að þróa matstækið, við sprýjum: „Hvernig metur þú þessa spurningu?“ „Myndir þú sprýja öðruvísi?“ „Hvaða kvarða myndir þú setja við þessa spurningu?“ og svo framvegis. Rannsóknir hafa sýnt að þegar iðjuþjálfi eða aðrir heilbrigðisstarfsmenn og skjólstæðingur eru beðnir um að meta getu og framkvæmdafærni út frá sama

matstækinu er niðurstaðan yfirleitt ekki sú sama hjá heilbrigðisstarfsmanninum og skjólstæðingnum sjálfum. Upplifun og mat skjólstæðingins á eigin færni eða þátttöku er oftast ekki sú sama og mat fagaðilans. Með markvissari matstækjum er hægt að gera meðferð hnitríðaðri og auðvelda Parkinson-sjúklingum þátttöku í daglegum athöfnum.“

„Málið með þennan sjúkdóm er að hann er ekki banvænn, heldur „ageing with disability“, fólk verður eldra og eldra og verra og verra. Þó að það séu til lyf, þá virka þau kannski bara í 10 ár en svo fækkar móttökurunum við lyfinu, það hættir að virka og þá hrakar fólk. Um eina þriðji af þeim sem greinast með Parkinson er ungt fólk sem er enn í vinnu og jafnvel með ung börn. Það er ótrúlegt hversu mikil áhrif sjúkdómurinn getur haft á daglegt líf og alla rútnu. Lyfjagjöf í töfluformi er einnig óstöðug og veldur því að fólk rokkar upp og niður (fluctuation). Nú er í boði að fá stöðuga lyfjagjöf í smáum skömmum og það hefur gefið góða raun. Um er að ræða pumpu sem pumpar jafnt og þétt til að ná stöðugleika.“

Raunverulega forvitin um þeirra hagi

„Ég veit ekki mikið um þær aðgerðir sem bjóðast þessum skjólstæðingum eins og t.d. „deep brain stimulation“, veit bara að þær hjálpa mikið til og veita fólk nokkur góð ár. Ég veit reyndar ekkert alltof mikið um þessa skjólstæðinga og hvað þeir eru að takast á við dags daglega, en þá er ekki verra að byrja með eigindlegum aðferðum og vera raunverulega forvitin um þeirra hagi.“

En aftur að matstækinu. „Þegar við erum komin með mynd af því hvernig sá sem er með Parkinson lýsir sinni þátttöku og hvað honum finnst mikilvægt, getum við annaðhvort fundið matstæki sem er til nú þegar og passar, eða þursum að búa til nýtt sem hentar þessum hópi. Það væri fint ef við fymdu eitthvað sem passar, en mörg matstæki eru þróuð út frá ákveðnum hópum, til dæmis fyrir fólk sem hefur fengið heilablóðfall, lent í slysi eða er með verki, og svo eru enn fleiri þegar kemur að geðrænum sjúkdónum.“

Eins og svo oft snýst þetta mikið um

peninga. „Um leið og við getum farið að mæla þá getum við farið að sýna tölur á blaði og það fer alltaf vel í þá sem sitja á peningakassanum eða leggja línumnar í endurhæfingu. Það er mikil áhersla lögð á sannreynda þjónustu og ef við finnum eða þróum matstæki sem hentar þá er hægt að gera endurhæfingu markvissari.“ En auðvitað snýst þetta ekki bara um peninga. „Það er þáttur í þróun matstækja að skoða þau með krítísku hugarfari og aðlaga þau að hverjum hóp og það er fyrst og fremst það sem ég er að læra, að vera krítisk á greinar og matstæki, að vera gagnrýnin. Í Lundarháskóla er aukin vakning fyrir því að doktorsnemar séu í námi en ekki vinnudýr fyrir þá sem vilja frama innan háskólasamfélagsins. Þetta er námsferli fyrir nemandann.“

Það er greinilegt að Björg brennur af áhuga fyrir því sem hún er að gera þrátt fyrir að hafa aldrei áður unnið með Parkinson-sjúklingum né haft áhuga á aðgengismálum. „Ég er að vinna við að

vera í námi og fá að fara á „seminar“, fara á námskeið og fyrst og fremst læra að gera rannsóknir.“ Hún segir það einstakt tækifæri að fá vera í vinnu við að þróa matstæki innan iðjuþjálfunar. „Það virðist oft vera svo fjarlægt að verða doktor í iðjuþjálfun, við höfum svo fáar fyrirmyn dir á landinu, það er svo gaman að þetta sé að gerast á Norðurlöndunum, í iðjuþjálfun.“

Björg segist spennnt fyrir því að fara að kenna að námi loknu. „Maður verður að hafa doktorinn hér til þess að fá að kenna, flestir kennarar eru með doktorsgráðu. Síðan held ég að það sé mikill áhugi fyrir því að halda áfram þessum rannsóknum og þá fer ég væntanlega inn í það ferli að sækja um styrki til þess að geta haldið áfram í rannsóknum. Svo finnst mér áherslan á umhverfið utanhlúss mjög spennnadi. Ég tók námskeið í Landbúnaðarháskólanum í Alnarp sem opnaði augu míni fyrir aðgengismálum. Hvað það er nauðsynlegt að geta komist

út, að geta komist út í umhverfi þar sem er hægt að slaka á og njóta náttúrunnar, það er ekki bara nauðsynlegt að komast í Kringluna eða Smáralind. Fólk með göngugrind þarf líka að eiga möguleika á að geta komist í Elliðaárdalinn. Umhverfi þarf að hanna og vera notendavænt. Það er ekki nóg að komast tæknilega séð á milli staða, það þurfa að vera einhverjir góðir staðir til að dvelja á.“

Það er greinilegt að Björg nýtur sín í náminu og hún fær það til að hljóma svo auðvelt og spennandi að vera í krefjandi námi. Við megum vera stolt af því að bæta henni í hóp íslenskra iðjuþjálfá með doktorspróf. Að sjálfssögðu eiga þeir sem hafa hug á frekari námi að taka sér þessa skörunga til fyrirmynadar. „Ég er ótrúlega þakklát fyrir það að vera í þessu ferli að taka doktor í iðjuþjálfun. Rannsóknarumhverfið hér í Lundi er svo hvetjandi, hvetur mann til dáða og fær mann til að sjá að þetta er alveg hægt,“ segir Björg að lokum.

Eigum allar gerðir hjólastóla, rafmagnshjólastóla og vinnustóla fyrir alla aldurshópa.

Bjóðum einnig fjölbreytt úrval annarra hjálpartækja fyrir böm og fullorðna, svo sem Jay sessur og bök fyrir hjólastóla, gönguhjálpartæki, fólksflutningshjálpartæki, bað- og salernishjálpartæki, rafskutlur og smáhjálpartæki til daglegs lífs.

Littu við og kynntu þér úrvalið eða hafðu samband til að fá ráðgjöf við val á hjálpartækjum. Við lánum allar gerðir af hjálpartækjum til prufu í nokkra daga.



VELA Blues 300
Rafmagnshjólastóll



VELA Tango
Vinnustólli



Regatta 6
Rafskutla

Erum með eftirfarandi samninga í gildi við Sjúkratryggingar Íslands:

- Hjólastóla og gönguhjálpartæki
- Vinnustóla og sérstaka barnavinnustóla
- Bað- og salernishjálpartæki
- Sjúkrarúm og fólksslyftara



Forsíðu-mynda-samkeppni

Þær sem sendu inn í keppnina voru:
Berglind Indriðadóttir, Sólrun Ásta Haraldsdóttir og
Pórdís Guðnadóttir.





